

FRÉTTIR



**Ræktar vindlatóbak**  
Tóbaksræktun lofar góðu á Pingeyri og Hvammstanga. Fyrir vestan er ræktað Havana Golden-tóbak og vonir standa til að vindlar verði til taks á næstu Dýrafjarðardögum. **2**

**Samið um hafkalk** Fyrirtæki á Bíldudal stendur í samningum við breskt fyrirtæki um útlutning og dreifingu á fæðubótarefni úr kalki. **8**

**Launahærri ánægðari** Fólki með góð laun er ánægðara með heilsuna en þeir sem hafa lægri laun. **8**

**Sami aldursmunur** Munur á meðal-aldrí kvenna og karla við fyrsta barn hefur verið óbreyttur síðustu 150 ár, hann er um þrjú ár. **10**



Bolungarvík	8°		NNA 7
Akureyri	13°		SV 2
Egilsstaðir	20°		SV 4
Kirkjubæjarkl.	13°		SV 2
Reykjavík	13°		SV 3

**Léttir til í kvöld** Í dag má víða búast við fremur hægri breytilegri átt eða hafgolu. Rigning í fyrstu en síðan skúrir og styttrir að mestu upp í kvöld. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



## Græddu á gulli

Staðgreiðum allt gull, silfur, platinum, demanta og vönduð úr.

**Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.**



**ERUM Á 3. HÆÐ Í KRINGLUNNI**  
Opíð alla daga frá kl. 11-18

**Upplýsingar og tímapantanir:**  
Sverrir s. 661-7000

# Lífeyrissjóðir skoða kaup á leiguíbúðum á Hampiðjureit

Nokkrir lífeyrissjóðir íhuga að fjárfesta 4,3 milljarða króna í uppbyggingu leiguhúsnaðis á Hampiðjureitnum. Sjóðirnir hafa fengið heimild til að eiga íbúðarhúsnaði í útleigu en slíkar fjárfestingar eru ekki áhættulitlar.

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnendur nokkurra lífeyrissjóða íhuga nú hvort sjóðirnir muni fjárfesta í uppbyggingu 139 leiguíbúða á Hampiðjureitnum svokallaða. Fjárfestingin hljóðar upp á 4,3 milljarða króna.

ÞG verktakar, sem sjá um framkvæmdina, hafa samið við fjármálafyrirtækið Centra fyrir-tækjaráðgjöf ehf. sem vinnur nú að því að kynna verkefnið fyrir helstu lífeyrissjóðum landsins.

„Þetta er einstakt verkefni því meðalstærð á íbúðum er í minni kantinum og gífurleg eftirspurn er eftir íbúðum hjá ungu fólki sem á ekki fyrir útborgun á eigin hús-

næði,“ segir Sigurður Harðarson, framkvæmdastjóri Centra.

Sveinn Halldórsson, ráðgjafi lífeyrissjóðanna í húsnæðismálum, segir að verulegur skortur sé á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. „Nú er mun erfiðara fyrir ungt og tekjuminna fólk að kaupa sér húsnaði og því vert fyrir lífeyrissjóðina að kanna slíka fjárfestingarmöguleika,“ segir Stefán en ítrekar þó að það sé ekki í hans verkahring að ákveða slíkt.

Með lagabreytingu sem gerð var árið 2011 var lífeyrissjóðunum heimilað að reka íbúðarhúsnaði í útleigu. Í ljósi rannsóknarskýrslu Alþingis um

## Hampiðjureiturinn

- Reiturinn er við Stakkholt 2 til 4 í Reykjavík.
- Eins og nafnið gefur til kynna var þar áður verk-smiðja Hampiðjunnar.
- Áformað er að reisa þar 12.000 fermetra atvinnu- og íbúðarhúsnaði.
- Þar á meðal eru 139 íbúðir.



Íbúðalánasjóð, sem gerð var opinber í síðustu viku, er ljóst að fjárfesting í leiguíbúðum er fjarri því

áhættulaus. Íbúðalánasjóður tapaði einna mest á fjárfestingum í slíkum verkefnum. - le / sjá síðu 6



**NIÐUR TIL FRAMTÍÐAR** Foldin við Þjóðminjasafnið fær nú að geyma hugleiðingar barnanna um framtíðina. Eftir tuttugu og fimm ár verður tímahylkið grafið upp og þá má sjá hvort þau séu spámannlega vaxin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Maður drap aldraða konu og stakk tvo til viðbótar á götu í Svíþjóð í gær: Berserkur skotinn af lögreglu

**SVÍÞJÓÐ** Maður vopnaður hnífi gekk berserksgang í bænum Varberg í Svíþjóð í gær. Maðurinn, sem er 24 ára, stakk tvo menn og eina konu, en konan lést af sárum sínum. Hún var 85 ára.

Lögreglan yfirbugaði áráðarmanninn en þegar hann neitaði að losa sig við hnífinn skaut hún manninn. Hann lést á sjúkrahúsi af sárum sínum.

„Hann vildi ekki sleppa hnífnum. Við hleyptum af viðvörunarskotum en svo urðum við að grípa til örþrifaráða,“ sagði yfirlögregluþjónn Halland-lögreglunnar í gær.

Það var um klukkan 10 í gærmorgun að lögreglan í Varberg fékk tilkynningu um að maður hefði verið stunginn úti á miðri

götu í bænum. Þegar lögreglan mætti á vettvang kom í ljós að fórnarlömbin voru fleiri og um klukkustund síðar kom önnur tilkynning um hnífstungu, þá innanhúss. Þar hafði 18 ára strákur verið stunginn á heimili sínu á meðan hann svaf.

„Nágrannar mínir sögðu að það væri strákur með hníf sem hljóp um og tók í hurðarhúna. Ég heyrði að hann hefði stungið aldraða konu og strák sem lá sofandi í rúmi sínu,“ sagði vitni við sænska blaðið Aftonbladet í gær.

72 ára gömul kona sem býr í götunni var óttaslegin. „Þetta var rosalegur sunnudagsmorgunn. Skyndilega heyrast skothvelli, í litlu götunni okkar. Það var skotið,

**Hann vildi ekki sleppa hnífnum. Við hleyptum af viðvörunarskotum en svo urðum við að grípa til örþrifaráða.**  
Yfirlögregluþjónn Halland-lögreglunnar

lögreglan hrópaði og kallaði og þyrlla sveimaði fyrir ofan húsið. Þetta var eins og sirkus.“

Ástæða áráðarinnar er óljós en lögreglan leitar enn vitna að atburðarrásinni. Ingrid Ljuggren, sem stýrir rannsókn lögreglu, segir að ekkert bendi til þess að áráðarmaðurinn hafi þekkt fórnarlömbin. - ka

## Íslenski safnadagurinn: Minjar framtíðar grafnar

**MENNING** Íslenski safnadagurinn var í gær og stóð þá landanum víðast til boða að fara endurgjalds-laust inn á söfn. Ekki er þó allt bundið við fortíðina sem gert var á þessum degi því um sjötíu börn komu saman við Þjóðminjasafnið til þess að leggja sitt af mörkum við að búa til framtíðarminjar.

Verkefnið kallast Fornminjar framtíðarinnar. Börnin útbjuggu bækling þar sem þau sögðu frá sjálfum sér og spáðu í framtíðina. Þessi gögn voru svo grafin niður ásamt öðrum hlutum í túninu við Þjóðminjasafnið, sem á einmitt 150 ára afmæli í ár.

Verkefninu lýkur svo ekki fyrr en eftir 25 ár þegar minjarnar verða grafnar uppen þá munu þessi fullorðnu börn grafa munina upp og sjá hversu spámannlega þau eru vaxin. Allt fór fram í gær undir vökulu auga formanns afmælisnefndar Þjóðminjasafnsins, Vigdísar Finnbogadóttur. - jse



Ómissandi





SPURNING DAGSINS



„Hrefna, ertu ekki orðin stressuð?“  
„Jú, þetta er orðið algjört hvalræði.“  
Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur ógilt ákvörðun forvera síns og minnkað til muna bannsvæði við hrefnuveiðum í Faxaflóa. Hrefna Rósa Sætran er matreiðslumeistari.

Ríkisendurskoðun er átalín í skýrslu Deloitte fyrir að veita veðsetningarheimildir án rannsókna:

# Segir búið að laga stjórnskipulag Eirar

**STJÓRNSÝSLA** Í nýrri skýrslu Deloitte um Hjúkrunarheimilið Eir eru gerðar alvarlegar athugasemdir við stjórnskipulag og stjórnarhætti Eirar. Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Eirar, segir fátt hafa komið á óvart í þeim ábendingum. „Við erum nú þegar búin að breyta þessu öllu til betri vegar,“ segir hann. Skýrsla Deloitte var unnin að beiðni nýrrar stjórnar Eirar. Frá því var greint í helgarblaði Fréttablaðsins að lögmaður



**JÓN SIGURÐSSON**  
Eirar ráðlegði stjórn um næstu skref, auk þess sem sérstakur saksóknari hafi málefni Eirar til rannsókna. Í skýrslu Deloitte eru meðal annars sagðar líkur á að greiðslur úr rekstri Eirar til stjórnenda hafi verið óeðlilegar. Deloitte bendir einnig á mistök

sem gerð hafi verið við ákvarðanir byggingarframkvæmda. Til að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig verði að gera ríkari kröfur um bakgrunn, menntun og reynslu stjórnenda og stjórnarmanna stofnunarinnar. Þá er Ríkisendurskoðun átalín fyrir að veita heimildir til veðsetningar fasteigna Eirar á grundvelli formsatriða, í stað könnunar á fjárhagslegri stöðu stofnunarinnar og mati á fyrirhugðum fjárfestingum.



**EIR** Í skýrslu sem Deloitte vann fyrir stjórn Eirar er bent á margar brotalamir í fyrri stjórnsýslu stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VAKTI KÁTÍNU** Bæjarbúar og gestir Goslokahátíðar skemmtu sér vel þegar slökkviliðsbílar keyrðu um bæinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

## Fögnuðu 100 ára afmæli Slökkviliðsins í Vestmannaeyjum: Gerðu upp elsta grip stöðvarinnar

**VESTMANNAEYJAR** Slökkvilið Vestmannaeyja hélt upp á hundrað ára afmæli sitt á laugardaginn síðastliðinn, á sjálfri Goslokahátíðinni. Af því tilefni var elsti gripur stöðvarinnar gerður upp, en það er slökkviliðsbíll frá árinu 1929, af gerðinni Chevrolet. Bílar liðsins voru til sýnis fyrir gesti og gangandi. Slökkvibílarirnir keyrðu um bæinn með sirenur í gangi til að halda upp á daginn. Uppátækið vakti mikla kátínu viðstaddra.

## Lýðflokkurinn á Spáni: Svört fjáröflun PP í tvo áratugi

**SPÁNN** Luis Bárcenas, fyrrverandi gjaldkeri spænska Lýðflokksins, PP, segir að flokkurinn hafi orðið sér úti um fé með ólögnum hætti í að minnsta kosti tvo áratugi. Bárcenas sagði þetta í viðtali sem birt var í gær í dagblaðinu El País. Viðtalið var tekið skömmu áður en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir fjármálamisferli sem varð lýðum ljóst eftir að upp komst um bankareikninga Bárcenas með himinháum innistæðum í svissneskum bönkum. Segir fyrrverandi gjaldkerinn að flokkurinn hafi þegið fé frá framkvæmdaaðilum í byggingargeiranum og öðrum fyrirtækjum.

## Grófar manndómsvígslur: Kynfærin rotin og sködduð

**SUÐUR-AFRÍKA** Tíu drengir voru lagðir inn á spítala í Suður-Afríku í gær eftir að hafa gengið í gegnum manndómsvígslu. Vígslurnar eiga sér stað þegar ungt fólk kemst á kynþroskaæði en í sumum samfélögum er gengið hart að unglingunum. Drengirnir tíu voru umskornir. „Kynfæri drengjanna eru rotin og sködduð. Ástand þeirra er hreint út sagt skelfilegt,“ sagði Sizwe Kupelo, talsmaður heilbrigðisráðuneytisins þar í landi. Tugir drengja hafa látið lífið það sem af er ári vegna umskurðar sem framkvæmdir eru með skítugum verkfærum og af vanþekkingu.

# Ræktar vindlatóbak og perur á Þingeyri

Tóbaksræktun lofar góðu á Þingeyri og Hvammstanga. Fyrir vestan er ræktað Havana Golden-tóbak og húsbóndinn vonast til að vefja vindla á næstu Dýrafjarðardögum. Húsfreyjan er einnig með mörg framandi tré í garði sínum.

**GARÐRÆKT** Ræktun sem hingað til hefur ekki þekkt svo nokkru nemi hér nálægt norðurheimskauti virðist ætla að ná að vaxa og dafna á Þingeyri. Þar eru til dæmis tóbaksplöntur sem teygja sig sífellt nær lofti heima hjá Ásgerði Soffíu Nönnudóttur.

„Þetta er nú bara Havana Golden-planta svo það er aldrei að vita nema ég geti boðið upp á Havana-Þingeyrarvindla á næstu Dýrafjarðardögum,“ segir Ásgerður Soffía og hlær við, en Dýrafjarðardagar fóru einmitt fram um síðustu helgi. Það hefur verið frekar svalt fyrir vestan í sumar svo hún hefur ekki farið með Havana-plöntuna út en í garðinum er hún með kirsu-berjatré, plómutré, eplatré, peru-tré og hin ýmsu hnetutré. Þar að auki hefur tré af gerðinni Giant sequoias fest rætur í garðinum en slíkt tré geta náð hátt í hundrað metra hæð, þó ólíklegt sé að slíkt reisn verði yfir því í Dýrafirðinum. „Við bjuggum nokkur ár í Nor-egi og þar var okkur sagt að þar hafi verið ræktað tóbak á stríðsár-unum,“ segir Ásgerður Soffía. „Svo ég hugsaði með mér að ef hægt er að rækta þetta í Noregi þá er það örugglega hægt á Íslandi líka.“ Og svo virðist vera því lafin eru um tíu til tuttugu sentímetra löng. Ásgerður segir að eiginmaður sinn, Gísli Hjálmarsson, hafi og eggjað hana til tóbaksræktunar enda tilhugsunin um Dýrafjarðar-Havana-vindla afar spennandi. „Það verður eflaust hægt að byrja að þurrka þetta með haustinu en ég læt karlinn alveg um það,“ segir Ásgerður Soffía. Þó trén séu mörg



**ÁSGERÐUR SOFFÍA MEÐ TÓBAKSPLÖNTU** Hver veit nema hægt verði að vefja Havana-Þingeyrarvindla á næstu Dýrafjarðardögum. MYND/GÍSLI HJÁLMARSSON

í garðinum og af ýmsum gerðum eru fæst þeirra farin að bera ávöxt. „Þetta getur tekið nokkur ár og ég er frekar nýbyrjuð,“ segir hún. „Hins vegar kemur alltaf á kirsu-berjatrén en ég læt fuglunum það eftir að tína af þeim,“ segir hún. Ásgerður Soffía er ekki eini tóbaksræktandinn á landinu því á fréttavefnum Feyki segir frá Svani Eliassyni sem hóf tóbaksræktun þar sem honum blöskraði verðið á tóbaki. Þær plöntur dafna nú vel undir berum himni á Hvammstanga.

Þetta er nú bara Havana Golden-planta svo það er aldrei að vita nema ég geti boðið upp á Havana-Þingeyrarvindla á næstu Dýrafjarðardögum

Ásgerður Soffía Nönnudóttir garðyrkjukona á Þingeyri

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Finnst þér allir vera að hríska?

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Bandarísk stjórnvöld sendu Íslendingum bréf vegna Edwards Snowden:

# Dulbúin hótun segir píratí

**UTANRÍKISMÁL** Bandarísk yfirvöld hafa farið fram á það við íslensk stjórnvöld að uppljóstrarinn Edward Snowden verði umsvifalaust handtekinn og framseldur komi hann til Íslands. Bréf þess efnis liggur nú hjá utanríkisráðuneytinu. „Mér finnst þetta bara vera dæmi um að bandarísk yfirvöld eru búin að missa það. Það má eiginlega segja það með þessu bréfi, þessari beiðni um að handtaka hann og framselja hann, fyrirfram,“ segir Birgitta Jónsdóttir, pingmaður Pírata. Hún segir bréfið dulbúna, en greinilega, hótun af hálfu bandarískra stjórnvalda. Hún segir viðbrögð íslenskra stjórnvalda eiga að vera skýr, upplýsa eigi almenning um sendingar sem þessar og senda þær svo til baka til föðurhúsanna. Ekki hefur fengist afrit af bréfinu en fréttastofa Stöðvar 2 hefur heimildir fyrir tilvist þess og að það hafi verið sent utanríkisráðherra. Ætla má að orðalagið þar sé svipað því sem bandaríska sendi-



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**



**Í ÓVISSU** Bandaríska uppljóstraranum Edward Snowden, sem dvalið hefur undanfarnar vikur á flugvelli í Rússlandi, hefur verið boðið hæli í Venesúela, Ekvador og Bólívíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP  
ráðið í Venesúela sendi þarlandum yfirvöldum fyrir nokkrum dögum. Þar er þess krafist að Snowden verði handtekinn og framseldur til Bandaríkjanna um leið og hann kemur til Venesúela. Hann hafi verið kærður fyrir að hafa lekið leyniskjöllum til fjölmiðla og verði hann sakfelldur eigi hann yfir höfði sér allt að 30 ára fangelsi.





# SUZUKI ALTO

**Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?**



**Suzuki Alto beinskiptur**

Verð kr. 1.840.000

Eyðsla í blönduðum akstri 4,3L/100 km  
CO<sub>2</sub> 99g/km

**Suzuki Alto sjálfskiptur**

Verð kr. 2.290.000

Eyðsla í blönduðum akstri 5,1L/100 km  
CO<sub>2</sub> 118g/km

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**



**TRAUT UMBOÐ  
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



SVONA ERUM VIÐ



**22%** Gistinóttum á hótélum fjölgaði um 22% á fyrstu fimm mánuðum ársins. Gistinætur á hótélum fyrstu fimm mánuði ársins voru 693.400 en 569.500 á sama tíma í fyrra.

Heimild: Hagstofan

Telja mjólk lækna sjúkdóma: Fullorðnir fá brjóstamjólk

**KÍNA** Vel stæðir Kínverjar eru margir hverjir farnir að ráða til sín ófrískar konur til að nálgast brjóstamjólk þeirra. Þeir sem þetta stunda telja að brjóstamjólkin geti komið í veg fyrir stress og jafnvel læknað sjúkdóma. „Kúnnarnir geta fengið móðurmjólkina beint í gegnum brjóstagjöf en það er líka möguleiki að nota brjóstapumpu ef manni líður betur með það,“ segir Lin Jun hjá fyrirtækinu Xinxinyu, sem selur brjóstamjólkina.

Fannst látin í tjaldvagni: Karlmaður í haldi lögreglu

**NOREGUR** Kona á sextugsaldri fannst látin á tjaldsvæði í norska bænum Helgeland á sunnudag. Lögregla á svæðinu telur að andlátíð hafi borið að með saknæmum hætti og segir að maður tengdur konunni sé nú í haldi. Lík konunnar fannst í tjaldvagni sem geymdur er á tjaldsvæðinu allt árið um kring. Lögreglan bíður nú niðurstöðu krufningar sem mun væntanlega leiða í ljós hvað dró konuna til dauða.

LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt að Skógrækt ríkisins hafi komið að uppgræðslu við Dagmálatjörn í Biskupstungum í Fréttablaðinu á laugardag. Rétt er að verkefnið var á vegum Suðurlands-skóga, sem er eitt af landshlutabundnu skógræktarverkefnunum og er aðskilið frá Skógrækt ríkisins. Þá var ranglega sagt að Borgþór Magnússon starfaði við Náttúrustofnun Íslands, rétt er að hann starfar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.

Tveir eru látnir og rúmlega 180 eru slasaðir eftir að flugvél brotlenti í San Francisco á laugardag: Talin hafa komið of snemma til lendingar

**BANDARÍKIN, AP** Tvær kínverskar unglingsstúlkur létu lífið og rúmlega 180 manns eru slasaðir eftir að flugvél Asiana Airlines brotlenti á alþjóðaflugvellinum í San Francisco á laugardag. Flestir hinna slösuðu eru með minniháttar brunasár en 49 farþegar voru fluttir á sjúkrahús með alvarlega áverka. Yfir þrjú hundruð farþegar voru um borð í vélinni sem var að koma frá Seoul í Suður-Kóreu. Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar nú slysið en talið er að vélin, sem er af gerðinni Boeing-777, hafi komið of snemma inn til lendingar og að hjól hennar hafi rek-

ist í varnargarð við enda flugbrautarinnar með þeim afleiðingum að stélið rifnaði af. Forstjóri Asiana Airlines-flugfélagsins, Yoon Young-doo, baðst afsökunar á slysinu á blaðamannafundi í Seoul í gær. Þar sagði hann flugmennina vera reynda og að það muni taka einhvern tíma að komast að því hvað fór úrskeiðis. Asiana Airlines er annað stærsta flugfélag Suður-Kóreu. Flugvélar af gerðinni Boeing-777 eru einn vinsælasti kosturinn í millilandaflugferðum sem eru lengri en 12 klukkustundir.



**ILLA FARIN** Pota Asiana Airlines er illa farin en hélt þó saman að mestu í brotlendingunni. - ka NORDICPHOTOS/GETTY



**LÁTRABJARG** Það er þægilegra að feta sig við Látrabjarg eftir að BTCV-liðar fóru um svæðið.

Aðstaða bætt fyrir vestan: Sjálfboðaliðar leggja stíga

**NÁTTÚRA** Sjálfboðaliðar frá bresku samtökunum BTCV hafa lyft grettistaki í aðstöðu fyrir ferðamenn á nokkrum verndar-svæðum Vestfjarðar í umboði Umhverfisstofnunar. Hóparnir létu til sín taka við Dynjanda, sem þykir með svipmestu fossnum landsins, og í Vatnsfirði, en þar er svokölluð Hellulaug í fjöruborðinu falin fyrir augum vegfarenda. Á Látrabjargi var unnið að tröppum og aðstaðan bætt. Þá var unnið að upprætingu lúpínu sem hefur rutt sér til rúms í Breiðavík. - jse

Skuldabréfaútbóði lokið: Tilboðum tekið fyrir 3 milljarða

**VIÐSKIPTI!** Tilboðum var tekið fyrir þrjá milljarða króna í útbóði Arion banka á nýjum flokki sértryggðra skuldabréfa sem lauk fyrir helgi. Fram kemur í tilkynningu bankans að alls hafi borist tilboð upp á rúma 3,7 milljarða króna. Ávöxt-unarkrafa á tilboðum sem tekið var er 2,84 prósent. Þá kemur fram að stefnt sé á að skuldabréfaflokkurinn verði tekinn til viðskipta í Kauphöll Íslands. - óka

Óvíst hvort nýr forseti tekur við bráðlega

Ekkert lát er á harkalegum átökum milli stuðningsmanna forsetans fyrrverandi, Mohammad Morsi, og andstæðinga hans. Óvíst er hvort enn standi til að Moham-med Elbaradei taki við embætti forseta af yfirdómara stjórnlagadómstólsins.

**EGYPTALAND** Tugir þúsunda stuðningsmanna stríðandi fylkinga í Egyptalandi sýndu styrk sinn í fjöldagöngum á götum Kaíró í gær. Stuðningsmenn Mohammad Morsi, sem herinn steypiti af stóli forseta þann 3. júlí, hafa haldið til við Rabaa al-Adawiya-moskuna undanfarna viku en gengu í gær að höfuðstöðvum hersins. Andstæðingar söfnuðust saman á Tahrir-torginu. Morsi situr í gæsluvarðhaldi og hefur Adly Mansour, yfirdómari stjórnlagadómstólsins, tekið við valdatamunum. Fréttir bárust af því fyrir helgi að til stæði að Mohammed Elbaradei, einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar, ætti að taka við forsetaembættinu, en þær fréttir hafa verið bornar til baka. Óvíst er hvort herinn ætli sér að skipta um forseta bráðlega.



**BÆNASTUND** Stuðningsmenn Bræðralags múslima báðust fyrir á meðan mótmælum stóð í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Trúarlegur stjórnmálaflokkur

Bræðralag múslima er trúarhópur og pólitískt afl í Egyptalandi sem aðhyllist íslamska trú. Eftir byltinguna í kjölfar afsagnar Mubarak, fyrrum einvalds Egyptalands, var hópurinn viðurkenndur samkvæmt lögum og er af mörgum talinn vera sterkasta og skipulagðasta pólitíska afl í Egyptalandi. Stjórnmálaflokkurinn The Freedom and Justice Party var svo stofnaður út frá Bræðralaginu eftir að Mubarak hætti, til að ganga pólitískra erinda Bræðralagsins. Ásamt Morsi hafa að minnsta kosti þrír aðrir forkölfar Bræðralagsins verið handteknir eftir að Morsi var steypit af stóli.

um mánuðum síðar hafði Morsi leyst helstu leiðtoga hersins frá störfum og ógilt síðustu stjórnarskrárbreytingu hersins sem kosið hafði verið um. Fjöldmenn mótmæli gegn aðgerðum Morsi brutust út. Í framhaldinu varð til ný stjórnarskrá,

sem samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu undir lok ársins. Þann 30. júní síðastliðinn, tóku milljónir þátt í mótmælum gegn Morsi og kröfðust afsagnar hans. Þann þriðja júlí var Morsi svo velt af stóli forseta af hernum og hann handtekinn. olof@frettabladid.is

**PAPPÍR**

Í Rekstrarlandi bjóðum við mikið úrval af pappírsvörum og leggjum áherslu á umhverfisvottaðar vörur.

**KLEENEX HANDPURRKUR**  
2ja laga, 100 blöð í pakka  
Verð 269 kr.

**REKSTRARLAND**

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

**NICKY ELDHÜSRÚLLUR**  
2ja laga, 50 blöð, 4 rúllur/pk.  
Verð 439 kr.

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi

**HLÝNAR Í VEDRI** Það dregur smám saman úr úrkomu og á morgun verður úrkomulítið um allt land. Það hlýnar og horfur á að 20°C múrinn rofni austan til á landinu. Á miðvikudaginn verður áfram bjart austanlands en skjáð og súld vestan til.

Alicante 29°	Berlín 27°	Friedrichshafen 26°	Las Palmas 25°	New York 29°	París 27°
Apena 32°	Billund 26°	Gautaborg 22°	London 23°	Orlando 31°	San Francisco 20°
Basel 31°	Frankfurt 28°	Kaupmannahöfn 22°	Mallorca 31°	Ósló 23°	Stokkhólmur 20°

**Á morgun**  
Yfirleitt hægur vindur.

**Miðvikudagur**  
5-10 m/s sunnan til, annars hægari.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður



# STÆRSTA FLUGUVEIÐIBÚÐ LANDSINS

VEIÐI 2013 - NÝJA VEIÐIHORNSBLAÐIÐ  
NÁÐU ÞÉR Í EINTAK Í VEIÐIHORNIÐ STRAX Í DAG

SAGE SIMMS



REDINGTON

MAXIMA

RIO  
PRODUCTS

SCIERRA

Sinarsson  
fly fishing



Scientific  
Anglers

## SCIERRA

### SCIERRA CC3 XP VÖÐLUPAKKI

Scierra CC3 XP öndunavöðlur. Nýjar sumarið 2013. Nýja módelið kemur í stað eldri gerðar sem notið hefur mikilla vinsælda síðustu ár. Sterkar vöðlur með góðri útöndun. Neopren sokkar og áfastar sandhlífar. Stillanlegt belti og góður brjóstvasi. Scierra Contour vöðluskór. Léttir og sterkir skór með filtsóla. Hefur þú séð betra verð á vönduðum öndunavöðlum og skóm?

Fullt verð 44.990,-  
Tilboðsverð 29.995,-



## SIMMS

### SIMMS FREESTONE PAKKATILBOÐ

Fjögurra laga Quadralam Torey öndunarfílma með góðri útöndun. Góðir vasar, áfastar sandhlífar. Fótlaga sokkar. Simms Freestone skór úr sterku gerviefni. Frábær ökklastuðningur. Filtsóli

Fullt verð 68.800,-  
Tilboðsverð 53.900,-



## REDINGTON

### REDINGTON KVENVÖÐLUR OG SKÓR

Priggja laga öndunavöðlur úr lipru og góðu efni. Dömsusíð. Áfastar sandhlífar og góður vasi. Belti fylgir. Vöðlunum fylgja góðir og léttir skór úr slitsterku efni. Filtsóli undir skóm.

Fullt verð 53.990,-  
Tilboðsverð 42.995,-

KONUVÖÐLUR



**AF HVERJU SAGE?** Allar Sage stangir eru handgerðar í Bandaríkjunum. Karakter sem hentar byrjendum sem lengra komnum. Allar Sage stangir eru með alvöru lífstíðarábyrgð frá framleiðanda. Sanngjarnt verð.



### SAGE APPROACH

Sage Approach er miðhröð stöng sem auðvelt er að vinna með jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Einhver besta byrjendastöngin á markaðnum í dag. Verð aðeins 49.900,-



### SAGE RESPONSE

Response er enn kraftmeiri en gamla Flight. og ræður vel við þyngri flugur og sterkari vind. Response er góður kostur fyrir byrjendur jafnt sem vanari kastara. Verð aðeins 59.900,-



### RIO LEGGUR LÍNUNA Fullkomnar línur fyrir allar aðstæður FULLKOMIN ÁBYRGÐ!

Villtur í línufumskóginum? Treystu Rio og ráðleggingum okkar. Ef þú ert ekki ánægður með Rio línuna þína máttu skila henni innan 10 daga og við endurgreiðum þér. Verð frá 6.990,- (Mainstream Trout WF)



### LAMSON FLUGUHJÓL

Frábær bandarísk fluguhjól með einhverri mýkstu og bestu bremsu sem þú færð. Margar gerðir og stærðir. Verð frá 25.900,-



VEIÐIHORNIÐ

**AF HVERJU REDINGTON?** Bandarísk hönnun, hagstætt samspil verðs og gæða, lífstíðarábyrgð frá framleiðanda. Redington vörurnar hafa sannað sig hér á landi undanfarin ár.



### TOPO FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Topo stöng, Crosswater fluguhjól, Rio Mainstream flotlína, undirlína, taumur og taumafni. Klippa, flugubox og flugur fylgja. Verð fyrir allt þetta aðeins 36.900,-



### CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Crosswater stöng, Crosswater fluguhjól, Rio Mainstream flotlína og Rio undirlína. Verð aðeins 29.900,-



### PURSUIT FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Pursuit stöng, Pursuit fluguhjól, Rio flotlína og Rio undirlína. Lífstíðarábyrgð á stöng. Verð aðeins 39.900,-



### VOYANT FLUGUVEIÐIPAKKI

VOYANT fluguveiðipakki Redington Voyant stöng, Surge fluguhjól, Rio flotlína og Rio underlína. Verð aðeins 59.900,-

JERRY SIEM  
Í VEIÐIHORNIÐ



SAGE

SIMON GAWESWORTH  
Í VEIÐIHORNIÐ



RIO  
PRODUCTS

SÍÐUMÚLI 8 - REYKJAVÍK - SÍMI 568 8410

STRANDGATA 49 - HAFNARFJÖRÐUR - SÍMI 555 6226

1998

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2010

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2011

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2012

2013

TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 15 ÁR



VEISTU SVARID?



- 1. Hvar opnaði fjörutíu herbergja hótél í júnibyrjun?
- 2. Hvað rekur hin fjórtán ára gamla Eydis Sól Steinarrsdóttir?
- 3. Hvaða landsliðskona í knattspyrnu leggur skóna á hilluna í haust?

**SVÖR**  
1. Patreksfjarðar, 2. Hjálaleiga, 3. Ketrín Jónsdóttir.

Priggja vikna vinnslustopp er hafið hjá fiskvinnslu Vísis á Pingeyri vegna hráefnisskorts:

# Hljóðið gott þrátt fyrir vinnslustopp

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnslustopp hófst hjá fiskvinnslu Vísis á Pingeyri fyrir helgi. Vinnslustoppið mun vara í þrjár vikur en þá taka sumarleyfi starfsmanna við. Ástæðan er sú að kvótinn er búinn og ekki fæst nægilegt hráefni til að halda vinnslu gangandi. Um fjörutíu manns vinna í fiskvinnslunni.

Hafþór Guðmundsson verkstjóri segir að þrátt fyrir þetta sé engin barlómur í Pingeyringum. Til dæmis varði vinnslustoppið

mun lengur í fyrrasumar, eða í tvo mánuði, fyrir utan sumarleyfið sem var einn mánuður. Svo hefur verið mikið að gera frá því vinnsla fór af stað síðastliðið haust. Þar að auki var hætta á að vinnslustoppið yrði mun lengra en þrjár vikur sem varð svo ekki raunin.

Eins hafa margir að einhverju öðru að snúa en aðrir verða að fara á atvinnuleysisbætur. „Hér eru nokkrir Pólverjar sem ætla að skreppa heim til Póllands. Ein er

að spá að fara til Patreksfjarðar, það vantar í sumarafleysingar þar, og svo var eigandinn á hótelinu að reyna að fá fólk til starfa.“ Hann segir enn fremur að aðrir hafi hvort sem er þurft að hverfa frá vinnu frá og með deginum í gær þar sem leikskólinn fór þá í sumarlokun.

Vísir á og rekur fjórar starfsstöðvar. Þær eru í Grindavík, þar sem höfuðstöðvar þeirra eru einnig, á Djúpavogi, Húsavík og Pingeyri.



**Í ADGERÐ** Það verður ekki fyrr en í haust sem aftur verður tekið á þeim gula hjá Vísi á Pingeyri.

MYND/HAFÞÓR GUÐMUNDSSON



**FRAMKVÆMDIR** Framkvæmdir á Hampiðjureitnum hófust á ný fyrr á árinu eftir nokkurt hlé. Fyrirhugað er að reisa 139 leiguíbúðir á reitnum, og er áætlað að framkvæmdum ljúki árið 2015.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lífeyrissjóðirnir hugleiða kaup á leiguíbúðum á Hampiðjureitnum

Nokkrir lífeyrissjóðir kanna nú hvort fýsilegt sé að fjárfesta fyrir 4,3 milljarða króna í leiguíbúðum á Hampiðjureitnum. Fjármálafyrirtækið Centra hefur gert samning um kaupun og eru menn bjartsýnir á að lífeyrissjóðirnir eigi eftir að koma með fjármagn inn í verkefnið.

**EFNAHAGSMÁL** Lífeyrissjóðir huga nú að því að fjárfesta í 139 íbúðum á Hampiðjureitnum svokallaða við Stakkholt í Reykjavík. Fjárfestingin hljóðar upp á 4,3 milljarða króna og eru íbúðirnar ætlaðar á almennan leigumarkað. Framkvæmdir hófust á ný fyrr á þessu ári og eru nú í fullum gangi eftir að hlé sem var gert á þeim eftir hrún. „Við leggjum áherslu á minni íbúðir. Meðalstærðin á íbúðunum er 88 fermetrar en það er markaður fyrir íbúðir af þessu tagi,“ segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri og eigandi ÞG verktaka, sem sjá um framkvæmdina. „Áætlað er að fyrsta áfanga, með 70 íbúðum, ljúki haustið 2014 en stefnt er að því að fullnaðarframkvæmdum



**SIGURÐUR HARDARSON**

ljúki vorið 2015.“ ÞG verktakar eru nú búnir að skrifa undir samning við fjármálafyrirtækið Centra fyrirtækjaráðgjöf ehf. sem vinnur nú að því að kynna verkefnið fyrir helstu lífeyrissjóðum landsins. „Þetta er einstakt verkefni því meðalstærð á íbúðum er í minni kantinum og gífurleg eftirspurn er eftir íbúðum hjá ungu fólki sem á ekki fyrir útborgun á eigin húsnæði,“ segir Sigurður Hardarson, framkvæmdastjóri og með-eigandi Centra.

„Við höfum kynnt verkefnið fyrir stærstu lífeyrissjóðunum og nú eru þeir að kanna fýsileika fjárfestingarinnar,“ bætir Sigurður við sem segist jákvæður á útkomuna. „Centra er búíð að gera samkomulag um kaupun á íbúðunum og ég hef fulla trú á því að lífeyrissjóðirnir eigi eftir að koma með fjármagn inn í verkefnið. Það er eðlilegt að leiga sé valkostur fyrir alla og við viljum stuðla að því.“ Sveinn Halldórsson, ráðgjafi lífeyrissjóðanna í húsnæðismálum, segir að verulegur skortur sé á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. „Nú er mun erfiðara fyrir ungt og tekjuminna fólk að kaupa sér húsnæði og því vert fyrir lífeyrissjóðina að kanna

## Lögum breytt um starfsemi lífeyrissjóða

Árið 2011 var lögum breytt þannig að lífeyrissjóði er nú heimilt að stofna félag um rekstur íbúðarhúsnæðis og gera samning við einkaaðila um slíkan rekstur, þar á meðal fasteignum til útleigu. Lífeyrissjóðum er jafnframt heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði og halda því við yfirtöku. Í ljósi rannsóknarskýrslu Alþingis um íbúðalánasjóð eru fjárfestingar til leiguíbúða ekki áhættulitlar en sjóðurinn tapaði einna mest á fjárfestingum sínum til slíkra verkefna.

slíka fjárfestingarmöguleika,“ segir Stefán en ítrekar þó að það sé ekki í hans verkahring að ákveða slíkt. „Nú hafa lífeyrissjóðirnir tekið höndum saman og eru að skoða mögulega aðkomu þeirra að uppbyggingu leigumarkaðar. Svo er

það þeirra að taka ákvörðun um einstök verkefni.“ Fréttablaðið fékk þau svör frá nokkrum lífeyrissjóðum að þetta einstaka mál hafi verið kynnt fyrir þeim en engar ákvarðanir hafi þó verið teknar um málið.

lovisa@frettabladid.is

# MARYLAND SÚKKULAÐIKEX

- mátulegt með síðdegiskaffinu



# GLÆNÝR VILLTUR LAX



## Glænýr Villtur Lax

Laxasneiðar

**2.790** kr/kg

## Glænýr Villtur Lax

Laxaflök, beinlaus

**3.990** kr/kg

## Glænýr Eldislax

Laxasneiðar

**1.790** kr/kg

## Glænýr Eldislax

Laxaflök, beinlaus

**2.490** kr/kg

Marineraður lax  
tilbúinn beint á grillið

Mangó Chilli  
Laxasteikur

**2.490** kr/kg

Marineraður lax  
tilbúinn beint á grillið

Sítrónu Lime  
Laxasteikur

**2.490** kr/kg






Ráðagóðir golfarar á Ísafirði:  
Hland á flatir golfklúbbsins

**ÍPRÓTTIR** Gólfklúbbur Ísafjarðar hefur gripið til þess ráðs að vökva nokkrar flatir á velli sínum með kúahlandi en ástand þeirra var orðið nokkuð lélegt. Hlandið var fengið frá Árna Brynjólfssyni bónda á Vöðlum í Öfundafirði en hann var ekki í neinum vanda að skilja hlandið frá mykjunni. „Ég býð svo bara spenntur eftir að sjá hvernig þetta virkar hjá þeim,“ segir Árni. Hann segir vel hægt að gera þetta án þess að lyktin angri golfarana um of. -jse

Könnun Landlæknisembættisins sýnir jákvætt samband á milli tekna, menntunar og líkamlegrar heilsu:  
Fólk með góð laun ánægðara með heilsuna

**LÝÐHEILSA** Gögn úr könnun framkvæmdri af Landlæknisembættinu sýna að jákvætt samband var milli tekna og líkamlegrar heilsu. Þetta átti sérstaklega við þegar skoðuð var dreifing á tekjum þeirra sem töldu sig búa við mjög góða líkamlega heilsu. Því hærri sem tekjurnar voru því fleiri töldu líkamlega heilsu sína mjög góða. Niðurstöður reyndust sambærilegar hvað varðar sambandið milli líkamlegrar heilsu og menntunarstigs. Eftir því sem menntun var meiri máttu fleiri líkamlega heilsu sína mjög góða. Þegar skoðuð var hegðun sem hefur jákvæð áhrif á heilsu fólks sást að karlar voru mun

ólíkgreiri en konur til þess að fylgjast með blóðþrýstingi sínum og til þess að hætta að neyta áfengis eftir að hafa hafið drykkju. Gögn úr sömu könnun benda enn fremur til þess að þeir sem eru tekjuhærri og með meiri menntun séu líklegri til að stunda heilsusamlega hegðun heldur en þeir sem hafa minni tekjur og menntun. Eftir því sem menntunarstig og tekjur einstaklinga voru hærri, þeim mun minni líkur voru á því að þeir reyktu daglega. Árið 2009 voru konur líklegri en karlar til að reykja daglega en þá sögðust 13,8 prósent kvenna reykja daglega og 11,9 prósent karla. - ósk



Mótmæli halda áfram í Tyrklandi



**MIKIL ÁTÖK Í MIKLAGARÐI** Yfirvöld í Tyrklandi beita öllum brögðum til að reyna að hafa hemil á mótmælendum. Lögreglan hefur sett upp vegatálma, sprautað tárageasi og vatni á mótmælendur. Hér má sjá óeinkennisklæddan lögreglumann grípa einn mótmælenda glóðvolgan í fjölmönnum mótmælum í Ístanbul. NORDICPHOTOS/AFP

Semja við Breta um arnfirskt hafkalk

Fyrirtæki á Bíldudal stendur í samningum við bresk fyrirtæki um útflutning og dreifingu á fæðubótarefnum Hafkalki. Fimmtíu þúsund box voru seld innanlands í fyrra. Umfangið fjórfaldast ef af samningum verður segir stofnandinn.

**ATVINNULÍF** Fyrirtækið Hafkalk á Bíldudal, sem framleiðir fæðubótaefni úr kalkþörungum, er við það að ná samningum við bresk fyrirtæki um útflutning og dreifingu á fæðubótarefnum á Bretlandi.

Jörundur Garðarsson, stofnandi fyrirtækisins, segist vonast til þess að hægt verði að hefja útflutning á næstu mánuðum. Á síðasta ári seldi Hafkalk um 50 þúsund box hér innanlands en ef samningar nást við Breta er hugsanlegt að umfangið jafnvel fjórfaldist, segir hann.

Tveir starfa í fyrirtækinu ásamt Jörundi, en hann segir að ef hafist verður handa við útflutning þurfi vissulega að bæta við vinnandi höndum.

Auk þess að framleiða fæðubótarefnið Hafkalk, sem styrkir aðallega brjós og bein, býður fyrirtækið upp á töflur sem hjálpa fólki að slaka á, og töflur sem eru ríkar af Omega þrjú-fitusýrum.

Kalkþörungaverksmiðja tók til starfa á Bíldudal árið 2007 og sá Jörundur tækifærin samfara því. Hann kom Hafkalki á koppinn árið 2009. Fyrirtækið er einnig söluaðili hér innanlands fyrir steinefnafóður og jarðvegsbætiefni sem framleitt er í verksmiðjunni.

Meðal fyrstu kúnna til að kaupa steinefnafóður var Jónatan Magnússon, bóndi á Hóli í Öfundarfirði. Hann segir efnið mikilvægt heilsufari kúa. „Ég lenti í því að steinefnafóðrið kláraðist hjá mér og það leið ekki nema vika þar til kýrnar voru komnar með doða og voru ósköp ólíkar sjálfum sér,“ segir



**FÆÐUBÓT** Jörundur Garðarsson bindur fæðubótina í töflur í gamla Landsbankahúsinu á Bíldudal.

hann. Hann segir einnig að steinefnafóðrið jafni sýrustig í vömb og að það auki prótein í mjólk. „Ef við einföldum þetta þá má segja að þetta slái á nábitinn hjá þeim,“ segir hann kankvís.

Jörundur segir að hann hafi reynt að selja knattspyrnufélögum jarðvegsbætiefnið þar sem það hindrar mosavöxt og geri grasi gott. „En það virðist vera erfitt að breyta einhverri hefð í þeim efnum, hins vegar hafa nokkur sveitarfélög notað þetta á sína garða og tún með góðum árangri,“ segir hann. jse@frettabladid.is

„Ég lenti í því að steinefnafóðrið kláraðist hjá mér og það leið ekki nema vika þar til kýrnar voru komnar með doða og voru ósköp ólíkar sjálfum sér.“

Jónatan Magnússon bóndi á Hóli í Öfundarfirði

**VOLCANO**  
Sirkushátíð í Vatnsmyrinni 4-14 Júlí 2013

**Dagskrá Volcano 8. júlí**

- 11:00 Bastard á íslensku UPPSELT
- 12:00 Circus Curious
- 13:00 Bastard á ensku
- 14:00 S.I.R.K.U.S UPPSELT
- 15:00 Circus Curious
- 18:00 Ron Beeri: The Yad Project - juggle snillingur
- 19:00 Frida: Einn og hálfur
- 20:00 Cirkus Cirkör: Wear it Like a Crown í Borgartelkhúsinu
- 21:00 Tumble Circus: This is what we do for living
- 22:00 Pain Solution

Frítt er inn í þorpið. Upplýsingar um sýningar: Norræna húsið s. 551 7030

**NORRÆNA HÚSIÐ**  
STURLUGATA 5  
101 REYKJAVÍK

**ED DU MED DÍBBLAD NEB?**

**ÁN ROTVARNAR-EFNA**

Parftu að losa um stífluna?  
Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml neðúti, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhydroklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun:** Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgu í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútubólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmsbólgu í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun:** Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 údar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 údar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára - 0,25 mg/ml, 1 údi í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára - 0,25 mg/ml, 2 údar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára - 0,5 mg/ml: 2 údar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð:** Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgisedli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa:** GlaxoSmithKline ehf. Pverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir:** Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.



**ZANUSSI** Zanussi er dótturmerki Electrolux

**ZWH-7140P Þvottavél**  
Vel búin heimilissvél frá Zanussi á ótrúlega hagstæðu verði. Rúmar allt 40% meira tau en eldri vélar.

- ✓ 1400 snúninga stillanlegur vinduhræði.
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
- ✓ 0-19 klst framstílt ræsing.
- ✓ Þvottaskúffa fyrir þvottaduft eða fljótandi þv.efn.
- ✓ Timaskjár sem sýnir eftirstöðvar tíma.
- ✓ A++/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhræða.
- ✓ XXL 30 cm hurð - auðveld í notkun.
- ✓ Fullt verð kr. 109.900.

**1400 SNÚNINGA**  
**XL 7 KG**  
**A++ EINKUNN**

**KYNNINGARVERÐ KR. 89.900**  
**SPARAÐU 20.000**

**exquisit ▶**  
**WM-6810 Þvottavél**  
6 kílóa þvottavél með A++ orkunýtni.

- ✓ 1000 snúninga með hraðþvotti.
- ✓ Snetitakkar og valrofi með hita/kerfali.
- ✓ Hægt að velja forþvott og skolstöðvun.
- ✓ 23 þvottakerfi þ.á.m. handþvottur og ull.
- ✓ A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhræða.
- ✓ Fullt verð kr. 69.900.

**1000 SNÚNINGA**  
**A++ EINKUNN**  
**6 KG**

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 55.555**  
**SPARAÐU 14.345**

**Electrolux ▶**  
**EDH-3284PDW Þurrkari**  
Háþróuð ný tækni gerir það að verkum að þessi þurrkari eyðir helmingi minna rafmagni en hefðbundnir barkaþurrkar.

- ✓ 8 kg hleðsla - 60% meira en hefðbundnir þurrkarar.
- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
- ✓ 14 mismunandi þurrkerfi þ.á.m. straulett kerfi, sængur, gallabuxur o.fl.
- ✓ Krumpuvörn og niðurkæling á taui.
- ✓ Hljóðmerki og timaskjár.
- ✓ Stór 38 cm hurð.
- ✓ Affall í tank eða niðurfall.
- ✓ Fullt verð 164.900.

**XL 8 KG**  
**RAKA-SKYNJARI**  
**BARKA-LAUS**  
**HLJÓÐ-MERKI**

**KYNNINGARVERÐ KR. 139.900**  
**SPARAÐU 25.000**

**A-30% ORKA**

Ný byltingarkennd tækni sem notar varmadælu í stað hitaelements. Með þessari tækni uppfyllir þessi þurrkari ekki aðeins orkuflokk A, heldur gott betur eða A-30%. Þetta getur sparað umtalsverðar upphæðir og borgar sig til lengri tíma lítið.

**exquisit ▶**  
**GSP-3012 Uppþvottavél**  
Vönduð og hljóðlát vél með 6 þvottakerfum og val á milli 40-65°C. Sparnaðar- og hraðkerfi.

- ✓ Timaskjár og framstílt ræsing 3,6 eða 9 klst.
- ✓ Hljóðstyrkur aðeins 49 dB(A)
- ✓ A+/A/A einkunn fyrir orku, þvottagæði og þurrkun.
- ✓ HxBxD: 85 x 59,5 x 60 cm.
- ✓ Fullt verð 79.900.

**HLJÓÐ 49 dB**  
**12 MANNA**  
**AAA EINKUNN**

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 66.666**  
**SPARAÐU 13.234**

# TOPP MERKJAVARA Á BOTNVERÐI VERÐVAKT RAFHA

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 14.990**  
**25% AFSLÁTTUR**

**AEG**  
**CE-1400B Ryksuga**  
Ryksuga með nýjstu mótortækni sem notar eingöngu 1400W en skilar afli á við 2200W ryksugu. Hljóðlátari og endingarbetri mótör.

- ✓ Örnasía.
- ✓ Örtrefjapokar - betri síun, hreinni útblástur.
- ✓ Stillanlegur sogkraftur.
- ✓ Innbyggð fylgihlutageymsla.
- ✓ Samandraganlegt XL stálstaft.
- ✓ Aður kr. 19.990

**ORFU SPARANDI**  
**9,5M VINNU-RÁÐIUS**  
**HLJÓÐ-LÁT**

**exquisit ▶**  
**KGC-270/45A Kæli- og frystiskápur**  
✓ A+ orkuflokkur.  
✓ Glerhillur.  
✓ 171 / 41 lítra rúmmál.  
✓ HxBxD: 144 x 55 x 58 cm.  
✓ Fullt verð 64.900.

**KYNNINGARVERÐ KR. 33.333**  
**SPARAÐU 11.567**

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 54.900**  
**SPARAÐU 10.000**

**exquisit ▶**  
**KS-909RVA-1 Kæliskápur**  
92 lítra kæliskápur í borðhæð í A+ orkufl.  
Fullt verð 44.900.

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 44.444**  
**SPARAÐU 10.456**

**exquisit ▶**  
**GT-111 Frystikista**  
95 lítra frystikista í A+ orkuflokki.  
Fullt verð 54.900.

**exquisit ▶**  
**MW-717SI Örbylgjuofn**  
Stállitaður 700W örbylgjuofn með snúningsdiski.

- ✓ 6 örbylgjustillingar
- ✓ 0-30 mín klukka.
- ✓ Affrýsting.
- ✓ Snúningsdiskur 24,5 cm.
- ✓ HxBxD: 26 x 43 x 35 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 15.990.

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 11.990**  
**25% AFSLÁTTUR**

**SIEMENS**  
**EH-875ML11E Spansúðuhelluborð**  
Glæsilegt 81 cm breitt borð með glerkanti.

- ✓ 4 booster háhraðahellur þ.á.m. ein XXL 28 cm. 17 hitaprep á hverri hellu.
- ✓ TouchSlider beinval.
- ✓ Tímastíllir með niðurtalningu.
- ✓ Barnalæsing.
- ✓ Utanmál BxD: 81,2 x 52 cm.
- ✓ Fullt verð kr 259.900.

**SPANSUDA**  
**KYNNINGARVERÐ KR. 159.900**  
**SPARAÐU 100.000**

**XL 81 CM**

**SIEMENS ▶**  
**HB-75GB560S Ofn**  
Glæsilegur Siemens ofn með Pyrolyse sjálfhreinsibúnaði sem hitar upp í 500°C og brennir alla fitu og óhreinið upp til agna. Umhverfisvænt og einfalt.

- ✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. pizzakerfi, glóðarsteiking og ehta heitur blástur sem tryggir bestu varmadreifingu.
- ✓ SoftClose hæglokun á hurð.
- ✓ Stílhreint útlit í burstuðu stáli með innfelldum sökkhnöppum og rafeindaklukku með LED lýsingu.
- ✓ XL 65 lítra ofn í A-30% orkuflokki.
- ✓ Fullt verð kr 259.900.

**KYNNINGARVERÐ KR. 159.900**  
**SPARAÐU 100.000**

**XL 65 L**  
**PYROLYSE**

**ÖLL SM ÁTÆKI FRÁ cloer**  
**20% AFSLÁTTUR**

Cloer er margverðlaunað þýskt gæðamerki. Margar gerðir af vofflujárnnum, hraðsuðukönnum, brauðristum og kaffivélum.

**Kynningarverð gilda t.o.m. 28. júlí.**

**Rafha ehf.**  
**Opið** virka daga 9-18 lokað laugar-daga í júlí  
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500  
**www.rafha.is**



Fimm látnir og 80 saknað eftir lestarslys í Kanada:

# Lestin fór af sporinu

**KANADA, AP** Flutningalest hlaðin olíu fór út af sporinu í austurhluta Kanada aðfaranótt laugardags. Að minnsta kosti fimm eru látnir og óttast lögregluþyrirvöld að talan kunni enn að hækka töluvert. Um 80 er enn saknað.

Gríðarleg sprenging varð þegar lestin fór út af sporinu. Talið er að 30 byggingar hafi eyðilagst í sprengingunni.

„Þetta var eins og í bíómynd. Bíllinn fyrir framan mig tókst á loft og lenti á hliðinni fyrir framan



**GRÍÐARLEG EYÐILEGGING** Sprengingin sem varð þegar flutningalestin fór út af sporinu var mikil.

mig. Ég forðaði mér út og hljóp eins hratt og ég gat,“ sagði vitni við AP-fréttaveituna.

**FRAMKVÆMDIR** Landsvirkjun hefur samið við portúgalska fyrirtækið Efacec Energia um framleiðslu á vélaspennum í Búrfellsvirkjun. Í umfjöllun á fréttavef Electric Light & Power er samningurinn verðmetinn á 19 milljónir Bandaríkjadala, eða sem svarar 2,4 milljörðum króna.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun er um viðhald að ræða í virkjuninni, sem komin er til ára sinna. Smíði Búrfellsstöðvar var lokið árið 1972. Eftir

endurnýjun búnaðar virkjunarinnar árin 1997 til 1999 jókst afl hennar úr 210 í 270 megavött.

Engin aflaukning fylgir viðhaldinu nú. Að sögn Magnúsar Þórs Gylfasonar, yfirmanns samskiptasviðs Landsvirkjunar, eru íhlutirnir, sem samið hefur verið um kaup á nú vegna viðhalds Búrfellsvirkjunar, með þeim dýrari sem þarf að kaupa í vatnsaflsvirkjanir.

Gengið var til samninga við Efacec í kjölfar útboðs sem fram fór á Evrópska efnahagssvæðinu. - óká



**BÚRFELLSVIRKJUN** Smíði Búrfellsvirkjunar, ofarlega í Þjórsá, tók tíu ár, en virkjunin var tekin í notkun árið 1972.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögreglan sótti tvo af sjó:

## Laumufarþegar í súrálsskipi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan sótti tvo laumufarþega í súrálsskipið UBC TAMPA í fyrradag. Þetta kom fram á fréttavef RÚV í gær. Fjörutíu mínútum eftir að skipið lagði úr höfn við álverið í Straumsvík uppgötvaði skipstjóri þess að 39 ára og 27 ára laumufarþegar væru um borð.

Skipið snéri við og sigldi á móti lögreglumönnum sem sigldu út á lóðsbáti og mættu skipinu um fjórum mílum frá landi. Mennirnir villtu á sér heimildir og sögðust vera frá Las Vegas en að endingu sögðust þeir vera hælisleitendur. Þeir voru fluttir í fangelsið á Hverfisgötu. Þetta eru ekki þeirra fyrstu kynni af lögreglunni hér á landi.


- jse



**MUNURINN HELST** Meðalaldursmunur íslenskra foreldra við fyrsta barn hefur haldist í þremur árum síðustu 150 ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

## MEÐALALDUR FORELDRA VIÐ FYRSTA BARN



Mafíuforingi handtekinn:

## Var framseldur frá Kólumbíu

**ÍTALÍA** Ítalska lögreglan hefur handtekið mafíuforingjann Roberto Pannunzi en hann var framseldur til heimalandans frá Kólumbíu á laugardaginn.

Pannunzi var handtekinn í verslunarmiðstöð í Bogota á föstudaginn eftir sameiginlega aðgerð kólumbískra yfirvalda og bandarískra löggæslufyrivalda.

Mafíuforinginn er sakaður um að standa að baki innflutningi á allt að tveimur tonnum af kókaíni frá Suður-Ameríku til Evrópu í hverjum mánuði, en Pannunzi er foringi Ndrangheta-glæpagengisins. „Þetta er stærsti kókaínframleiðandi í heimi,“ sagði yfirsóknarinn Nicola Gratteri.



**ROBERTO PANNUNZI**

# Aldursmunur foreldra eins í dag og fyrir 150 árum

Munur á meðalaldri karla og kvenna við fyrsta barn hefur verið þrjú ár í 150 ár. Ætti ekki að eiga við í dag, segir sagnfræðingur. Endurspeglar gamlar hugmyndir um valdaskiptingu kynjanna, segir kynjafræðingur.

**SAMFÉLAGSMÁL** Munur á meðalaldri foreldra þegar þeir eignast sitt fyrsta barn hefur haldist eins síðustu 150 ár. Karlar eru að jafnaði þremur árum eldri en konur þegar frumburður fæðist, en samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur meðalaldur beggja kynja hefur þó hækkað samhlíða töluvert undanfarna áratugi.

Þessi munur gæti varpað ljósi á raunverulega stöðu kvenna, en samkvæmt Ólöfu Garðarsdóttur, prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands (HÍ), ætti aldursmunurinn að hafa minnkað undanfarna áratugi í ljósi breytinga í samfélaginu.



**ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR**

hún. „Launamisrétti kynjanna gæti verið ein birtingarmynd þessa því konur lenda oftast í því að biða á meðan karlarnir klára menntun og komast á vinnumarkaðinn.“

„Þetta ætti í raun ekki að eiga við í dag þar sem þetta er gömul hefð sem var auðveldara að útskýra þegar karlar voru fyrirvinnur og konurnar dvöldu heima,“ segir hún. „Konur eiga ekki að hafa öðruvísi stöðu en karlar. En kannski er þetta vísbending um að svo sé ekki.“

Þorgerður Einarisdóttir, prófessor í kynjafræði við HÍ, segir tölurnar endurspeglar gamlar hugmyndir um valdahlutfall kynja í parasamböndum og sé samfélags-

**Þetta ætti í raun ekki að eiga við í dag**

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í sagnfræði

leg hefð til að viðhalda þeim mun.

„Þetta hefur verið sett í samband við valdamun kynjanna í parasamböndum. Yngri stelpa hefur í flestum skilningi minni völd,“ segir hún. „Og strákar eru með yngri stelpum en ekki öfugt. Og það hefur greinilega haldist svona vel.“

sunna@frettabladid.is



Landsvirkjun

## Áttu leið um Fljótsdal?

Ef þú átt leið um Fljótsdal í sumar er upplagt að koma við í gestastofunni í Végarði og kynna Fljótsdalsstöð, stærstu vatnsaflsstöð landsins. Þar er heitt á könnunni alla daga í sumar og boðið upp á leiðsögn við Kárahnjúkastíflu og Hálslón, vatnsmesta lón landsins.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

**Búrfellsstöð**

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafnu

**Kröflustöð**

Jarðvarmasýning í gestastofu

**Fljótsdalsstöð**

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka mið. og lau. 14–17. Nánari upplýsingar á

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)





**HVIMLEIÐIR GESTIR** Sveitarfélagið Árborg hefur fengið leyfi til að skjóta kanínur á Eyrarbakka og Selfossi. Dýrin hafa fjölgað sér gríðarlega.

Kanínuplága í Árborg:

## Kanínur verða skotnar á færi

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisiráðuneytið hefur gefið Sveitarfélaginu Árborg leyfi til þess að drepa kanínur á Eyrarbakka og Selfossi. Kanínurnar hafa fjölgað sér gríðarlega á þessum stöðum undanfarið og valda miklu tjóni í gördum fólks og víðar.

Kanínurnar verða skotnar á færi. Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, segir að búið sé að ráða menn í verkið. Um 100 dýr náðust í fyrra en Ásta vonast eftir betri árangri í ár. „Þetta eru orðnir hvimleiðir gestir sem eru farnir að angra fólk verulega,“ segir Ásta.

Moska rís í Sogamýrinni:

## Mun setja svip sinn á borgina

**SKIPULAGSMÁL** Sverrir Agnars-son, formaður Félags múslima, segist vonast til þess að framkvæmdir við mosku í Sogamýri geti hafist næsta vor. Nýtt deilu-skipulag hefur verið samþykkt.

Moskan verður um 800 fermetrar, með níu metra háan bænarnum og áætlaður kostnaður er um 400 milljónir. Sverrir segir að sótt verði um styrki í hina ýmsu sjóði en einnig verður reynt að komast sem lengt á frjálsum framlögum. Hann segir að byggingin muni setja svip sinn á borgina.

- jse

Heyrnar- og talmeinastöð:

## Kristján Sverris-son nýr forstjóri

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur skipað Kristján Sverrisson forstjóra Heyrnar- og talmeina-stöðvar Íslands að undangengnu mati hæfnisnefndar. Alls voru fjórtán umsækjendur um stöðuna.

Niðurstaða hæfnisnefndar var að þrír úr hópi umsækjendanna væru hæfastir til að gegna stöðu forstjóra og var Kristján einn þeirra.

- ósk

**KAUPTU BOLLASÚPU OG SKRÁÐU ÞIG Á KNORR.IS**

# TAKTU ÞÁTT Í SUMARLEIK KNORR

**AÐALVINNINGUR**  
Glæsilegt 4 manna Coleman Mackenzie fjölskyldutjald

## FULLT AF VINNINGUM

**HITABRÚSAR**  
til að halda súpunni heitri í útilegunni

Kauptu pakka af Knorr bollasúpu og skráðu þig til leiks á **knorr.is**. Mundu að geyma kvittunina fyrir kaupum á Knorr bollasúpu því framvísa þarf henni gegn afhendingu vinninga.

**Dregið verður 31. júlí nk.**


**KNORR BOLLASÚPUR**  
ómissandi í ferðalagið

**KÆLITÖSKUR**  
undir allt góðgætið

## Orkuforðinn okkar

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálendinu. Vatnsforðinn nær hámarki síðsumars og gerir kleift að vinna raforku jafnt og þétt allt árið.

*\*Vatnsmagn í miðlunarlónum er mælt í gígalítrum (milljörðum lítra).*





Lærdómur af máli Edwards Snowden:

# Þegar fingurinn bendir á tunglið

Þegar fingurinn bendir á tunglið horfir fíflíð á fingurinn. Þessi setning rammar svona nokkurn veginn inn mál Edwards Snowden sem situr nú fastur á flugvelli í Moskvu eftir að hafa lekið upplýsingum um njósnir leyniþjónusta í Bandaríkjunum og víðar. Leki Snowdens leiðir í ljós að stofnanir í Bandaríkjunum og Evrópu hafa eftirlit með óbreyttum borgurum og athöfnum þeirra á internetinu. Spádómar

hinna ýmsu vísindaskáldsagna eru veruleiki. Stóri bróðir lætur ekki að sér hæða.

Fíflin hafa verið mörg í eftirleik uppljóstrana Snowdens. Portúgalir, Ítalir, Frakkar og Spánverjar meinuðu flugvél forseta Bólívíu að fara um

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



lofthelgi sína. Bandarísku leyniþjónustuna grunaði að forsetinn, Evo Morales, ætlaði að smygla Snowden til Bólívíu. Grunurinn reyndist ekki á rökum reistur og þjóðirnar sitja uppi með skömmina. Þetta er í raun alþjóðlegur skandall og trúlega verða einhverjir eftirmálar.

Uppljóstranir Snowdens hafa sýnt svo ekki verður um villst að upplýsingar eru ekki öruggar á netinu. Leyniþjónustur útbúa gagnagrunna og leitarvélar sem fara í saumana á öllu sem við gerum á internetinu. Þessar tölvur skilja ekki kaldhæðni eða fíflaskap á netinu. Hver sem er gæti átt á hættu að vera talinn óvinur ríkis eða einstakra þjóða ef hann fer gáleysislega með orð. Við á Vesturlöndum teljum okkur búa við kerfi sem verndar réttindi okkar sem einstaklinga. Upp að vissu marki er það auðvitað þannig en það þarf ekki að vera ofsóknaróður til að efast á tímum sem þessum.

Heimurinn hefur breyst með tilkomu internetsins. Nú er mun auðveldara að kortleggja einstaklinga og í röngum höndum gætu þær upplýsingar valdið gífurlegum skaða. Vel má ímynda sér hvað er að gerast í alræðisríkjum dagsins í dag eða hvað alræðisríki eins og Sovétríkin og Þýskaland undir merkjum nasista hefðu getað gert við alla andspyrnu með því einu að ýta á takka á tölvu.

Sem fyrr erum við Íslendingar þó í þessu brótti öllu. Það breytir því ekki að þessi ungi maður, Edward Snowden, hefur óskað eftir því að fá að búa hérna. Hann hræðist móttökur í heimalandi sínu, Bandaríkjunum. Að íslensk stjórnvöld beri fyrir sig að viðkomandi verði að vera staddur hér á landi til að geta óskað eftir hæli er í besta falli fyrirláttur.

Almenn krafa fólks í þessu nýja umhverfi á að vera krafa um gegnsæi. Snowden gerði okkur öllum greiða þegar hann lak þessum upplýsingum. Það má ekki vera aukaatriði málsins. Auðvitað er maðurinn hetja en ekki maður sem á að útskýfa. Kannanir í Bandaríkjunum sýna að þar í landi álitur þriðjungur að Snowden sé í raun föðurlandsvinur. Aðeins fjórðungur telur að hann eigi að sækja til saka samkvæmt strangasta lagabókstaf. Ef laust voru það mistök hjá honum að fara til Rússlands en hann átti kannski ekki margra kosta vól. Enda skiptir það litlu. Í allri umræðu um slíkt erum við eins og fíflíð sem horfir á fingurinn. Við ættum að líta af honum og horfa á staðreyndir málsins. Því sem var lekið en ekki hver lak eða hvernig sá leki kom til. Í ljósi þess hefðum við átt að taka á móti Snowden og krefja vinapjóðir okkar í kjölfarið skýringa á því hvers vegna einblínt er á fingurinn, en ekki tunglið?

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## Perlur Ungverjaland

Sumar 20

7. - 14. september

Fararstjóri: Soffía Halldórsdóttir

Verð: 174.900 kr.

á mann í tvíbýli. Mjög mikið innifalið!

Glæsileg ferð til Búdapest og að Balatonvatni í Ungverjalandi, sem er rómað fyrir líflega bæi og ólýsanlega fegurð.

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kastað fyrir ljónin

Ríkisstjórnin hefur skipað hóp fjögurra þingmanna sem á að móta til-lögur að hagræðingu í ríkisrekstrinum. Það er ekki öfundsvert verkefni og sumir hafa velt fyrir sér hvort Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson séu með þessu að kasta Ásmundi Einari Daðasyni, Vig-dísi Hauksdóttur, Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Unni Brá Konráðsdóttur fyrir ljónin. Með þessu verði ábyrgðinni af blóðugum niðurskurði – í hugum almennings – velt af herðum ríkisstjórnarinnar sjálfar yfir á herðar fjórmenn-inganna.


### Óþarfabruðlið

En þetta þarf kannski ekki að verða svo slæmt. Ásmundur Einar var að minnsta kosti ekki í vafa um það í október 2011 hvernig ætti að ná fram hagræðingu. Í þingumræðum um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu sagði hann að Framsóknarflokkurinn myndi aldrei líða að velferðarþjónustu landsins yrði rústað, eins og þeir töldu þáverandi stjórnvöld gera, en starfsfólki fjölgað á öðrum sviðum. „Það þarf kjark til að standa með sjúkum og öldruðum. Það þarf nefnilega kjark til að fækka kokteilboðunum, flugferðunum og utanlandsferðunum og óþarfabruðinu,“ sagði

Ásmundur, og vísaði meðal annars til aukins rekstrarkostnaðar sendiráðs í Brussel. Nú reynir á hvort Ásmundur finnur nógu margar krónur til að spara í flugferðum svo að hann geti hlíft velferðinni.

### Athugasemd fararstjóra

Hörpuleikarinn Monika Abendroth vill koma því á framfæri að ólíkt því sem hafi mátt skilja á þessum dalki fyrir helgi hún hafi ekki gert athugasemd við deiliskipulag í Kvosinni sem tónlistarmaður eða vinkona Páls Óskars Hjálmtýssonar heldur sem fararstjóri „sem hefur slæma reynslu af því að aðkomu að hótélum í miðbænum með rútum er víða mjög ábótavant“. stigur@frettabladid.is



## HALLDÓR



# Meira fyrir minni peninga

### EFNAHAGSMÁL



Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Óhætt er að fullyrða að Þýskaland er helsta forysturíki ESB. Kanslara Þýskalands má telja einn valdamesta stjórn-málamann Evrópu. Á Angelu Merkel kanslara hvílir mikil ábyrgð og vanda-málin sem bíða hennar eru risavaxin. Skuldasöfnun, mikið atvinnuleysi og halla-rekstur hins opinbera er ríkjandi vandi í Evrópulöndunum. Ekkert ríki uppfyllir Maastricht-skilyrðin en þau eru forsenda þess að viðkomandi ríki geti verið þátt-takandi í evrusamstarfinu.

### 7%, 25% og 50%

Merkel er ekki yfirlýsingaglaður stjórn-málamaður en það velkist enginn í vafa um hvað hún telur vera stóra verkefni evrópskra stjórn-mála. Það er að tryggja efnahagslega velferð á 21. öldinni. Kansl-arinn þreytist ekki á að benda á að 7% af íbúum heimsins búa í Evrópu. VLF er 25% af framleiðslu heimsins og útgjöld til vel-ferðamála eru 50% af heildarútgjöldum jarðarbúa.

### Aukum fjárfestingu og framleiðni

Til að tryggja efnahagslega velferð í Þýskalandi á 21. öldinni þá verður að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar. Það nákvæmlega sama á við um önnur ríki álfunnar, sama hvort þau eru þátttakendur

í ESB eða ekki. Fyrir okkur Íslendinga þýðir það að við þurfum að auka fjárfest-ingu og framleiðni til að viðhalda velferð-inni. Við þurfum að auka tekjur okkar, tekjur heimilanna, fyrirtækjanna og hins opinbera. Lausnin felst ekki í að skatt-leggja meira þá sem þegar greiða mikil gjöld. Verkefnið er að breikka skatt-stofnana og auka tekjurnar. Gefa fólki tækifæri til að auka verðmætin er hagur okkar allra.

### Forgangsroðum í þágu fólks

Við Íslendingar höfum verið talin ung þjóð í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. En það er að breytast og á næstu árum munu stórir árgangar fara á lífeyrisaldur. Það hefur í för með sér aukið álag á heil-brigðis- og félagsmálaþjónustuna okkar.

Nauðsynlegt er því sem aldrei fyrr að forgangsraða. Við erum sammála um að við viljum halda hér háu þjónustustigi fyrir fólkið sem þarf á þjónustu að halda. Því ber okkur að forgangsraða í þágu þess fólks.

Við Íslendingar erum ekki einir á báti. Verkefnin eru hin sömu hjá nágranna-löndum okkar. Til að ná árangri þarf góðan undirbúning, samvinnu aðila og upplýsta umræðu.

Vilji er allt sem þarf.



# Af síld ertu kominn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Ég gekk um Síldarminjasafnið á Siglufirði á dögunum á miðjum rigningardegi – fáir á ferli – þögn yfir öllu. Þá er alltaf skemmtilegast að ganga um söfn, þegar maður þarf ekki að hlusta á eitt-hvert skvaldur og getur einbeitt sér að því að hlusta á hlutina þegja.

## Þögn hlutanna

Þögnin er margvísleg. Þögn hafsins er mikilúðleg og þögn næturhiminsins vekur manni lotningu, þögn öræfanna er tignarleg og váleg er þögn svarta sanda; sumt fólk þegir þannig að gengur á með þrumum og eldingum kringum það en aðrir sveipa sig mildri og nærgætnislegri þögn. Og svo framvegis. Þögn hlutanna er hins vegar ólík allri annarri þögn. Nytjahlutir sem lokið hafa þjónustu sinni liggja þarna og bíða eftir höndum, bíða þess að vera teknir upp og notaðir – og þegja. Hlutir eru til þess að vera notaðir og hlutir sem ekki hafa verið notaðir til síns brúks áratugum saman fara smám saman að þegja á einhvern alveg sérstakan hátt. Aflögð amboð sem liggja til sýnis, tilbúin að spretta á ný upp, tilbúin að verða fyllt lífi með mannlegri nálgun, samleik handa og heila – frá slíkum verkfærum streymir þögn orka, góð og gjöful.

Maður horfir á þau og sér liðin

handtök, skynjar í sviphendingu ólgandi athafnalíf, framtakssemi, útsjónarsemi, mannlíf – mannlegt hugvit, tiltekinn þankagang – maður gerir svona og svona og þá gerist þetta og þetta – og djúpt í manni vaknar eitt-hvað sem líkist verkmanni. Mann langar að fara og gera eitthvað gagn einhvers staðar.

Slíkar og þvílíkar kenndir geta vaknað með manni þegar maður fer á minjasöfnin sem víða um land hafa risið og vitna um myndarskap og ræktarsemi við íslenskan menningararf.

Ekki er síst gaman að koma á Síldarminjasafnið á Siglufirði og sjá allar þær keðjur og króka sem þar þegja, tunnur, klippur katla og ker – að ógleymdum díxílum.

Afar vel hefur tekist til með uppsetningu safnsins, maður lifur þar um af áreynsluleysi og dáist að öllu. Ekki er síst mikilsvert að fá að sjá myndir af fólki, hvort sem það hefur stillt sér upp sérstaklega til myndatöku eða er við störf sín: fjarri er hið luntalega og feimnislega fas sem svo alengt er að sjá á gömlum myndum af íslensku sveitafólki. Þetta fólk er svalt. Það er dugnaðarlegt, íbyggð, opið og fasmikið að sjá, allir virðast óðir og uppvægir við að láta hendur standa fram úr ermum og tileinka sér tækni nýrra tíma, svipurinn ljómar af einhvers konar einkennilegri kátínu, eftirvæntingu, vinnugleði – gott ef ekki sjálfri verðandinni. Samtaka nú! segir þessi svipur. Kvikmyndirnar sýna síðan fólk sem labbar eins og í gömlum Chaplinmyndum: allir hreyfa sig þar svo hratt og manni finnst eins og það sé ekki vegna þess að

kvikmyndataeknin sé ófullkomin heldur af hinu, að öllum liggi á að bjarga verðmætum, skapa framtíð – samfélag – nýtt og gott Ísland.

## Virðing og kærleikur

Yfirleitt heyrum við mest talað um það hvað herinn og blessað stríðið hafi gert mikið fyrir Ísland – en í raun og veru var það þetta fólk sem kom Íslandi til bjargar á kreppuárunum, þegar Síldarverksmiðjur ríkisins tóku að starfa af fullum krafti og Íslendingar hættu að láta sér nægja að vinna síldina á forsendum Norðmanna. Maður sér það á fasi þess og svipmóti að það hefur mikilsverðu hlutverki að gegna: þetta er fólkið sem bjó til nútíma-Ísland, skapaði með dugnaði sínum, atorku, útsjónarsemi og vinnugleði – og samtaki – forsendur fyrir þéttbýlismyndun og bjó þar með í haginn fyrir afkomendur sína.

Við vitum líka hitt, að þetta kostaði sitt: á síldarleysisárum geysaði stundum hungur í bænum, lífsbaráttan var upp á líf og dauða og margar urðu þarna örlagasögurnar, lífið gat verið ljótt og grimmt og stéttaátökin gátu orðið harðvítug vegna þess að verkafólk þurfti að sækja af alefli öll þau réttindi sín, sem sjálf sögð eru talin nú á dögum. Við megum ekki sjá þessi ár í of rómantísku ljósi eða ímynda okkur að þessi ár hafi lífið verið á einhvern máta betra en við þekkjum. Þetta vitum við. En samt: Síldarárin ljóma í Íslandssögunni. Og þau eru líka tákn þess sem aflaga fór. Af síld ertu kominn og síldin hvarf. Þau eru tákn um fallvaltleik þess að treysta

„Þetta er fólkið sem bjó til nútíma-Ísland, skapaði með dugnaði sínum, atorku, útsjónarsemi og vinnugleði – og samtaki – forsendur fyrir þéttbýlismyndun.“

um of á að geta ausið endalaust af brunnum Jarðar, leggja allt sitt traust á hráfnisframleiðslu fremur en hugvit.

Eitt af því sem er svo fallett við Síldarminjasafnið á Siglufirði er að þar er þessi gamla undirstöðu-atvinnugrein okkar, sjávarútvegurinn, umvafinn kærleika og virðingu, eins og vera ber. Allt vitnar um það á þessu safni: hvernig hlutunum er fyrir komið af ástríðu þar sem hver og einn fær notið sín í mælskrí þögn sinni, hvernig vinnusvæði eru endurgerð í látleysi sínu og nytjafegurð, hvernig bátarnir í bátaskýlinu tróna í sæmd sinni í mildri birtu ævikvöldsins.

Við erum von skæklategi þegar kemur að málefnum sjávarútvegsins og sjálfir hafa talsmenn greinarinnar ekki verið barnanna bestir í því að umvefja hana neikvæðni með frekju og fruntalegum kveinstöfum. Síldarminjasafnið á Siglufirði er til þess fallið að minna okkur á hitt: af síld ertu kominn. Við byggjum á því sem hún gaf okkur og eigum að einbeita okkur að nýjum úrlausnarefnum með sömu gleði og eftirvæntingu og áar okkar og eddur gerðu þegar síldin kom – og fór.

## AF NETINU

### Þjóðaratkvæði væri gott fyrir Framsókn

Það voru Sjálfstæðismenn sem lögðu mesta áherslu á að ná fram lækun veiðigjaldsins fyrir útvegsmenn. Sjávarútvegsáðherra Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, fékk hins vegar það dapra hlutverk að koma því í framkvæmd. Þar með tóku Framsóknarmenn á sig óvinsældir vegna þessa forgangsmáls Sjálfstæðismanna!

[...] Það væri gott fyrir Framsókn að fá þjóðaratkvæði um málið, á hvorn veg sem það færi. Þá væri Framsókn losuð undan óvinsældum, sem framkvæmdin (fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins) skapar þeim.

[blog.pressan.is/stefano](http://blog.pressan.is/stefano)

Stefán Ólafsson

### Reiknilist verkfræðinga

Til skamms tíma ætluðu Orkuveita Reykjavíkur og HS Orka að virkja jarðhita til raforku út um allar trissur. Skálduð orkugeta hvers svæðis var notuð í samlagningu. Nú kemur í ljós, að orkan fjarar út. Hellið arver þarf að fá orku Hverahlíða. Verkfræðigreyin segja, að þetta hafi alltaf verið vitað. Ævinlega þurfi að bora meira og meira til að halda óbreyttri orku. Einmitt. Þegar búið er að nota orkuna frá Hverahlíðum sem varadekk undir þverrandi orku frá Helliðarverri, hvaðan á þá að fá orku í Hverahlíðaveri í stóra dæmið? Og svo framvegis? Bara Framsóknar-Höskuldur trúu, að rugl gangi upp?

[jonas.is](http://jonas.is)

Jónas Kristjánsson

# NÝR MAZDA6

20% sparneytnari og enn öruggari Mazda6

KYNNTU ÞÉR

**SKYACTIV**

SPARTÆKNI MAZDA

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.390.000 KR.  
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.690.000 KR.



mazda

Glæsilegur staðalbúnaður, m.a. snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), 17" álfelgur, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, i-stop spartækni, nálægðarskynjarar, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [mazda.is](http://mazda.is)





MERKISATBURÐIR

**1362** Mikill bardagi er háður á Grund í Eyjafirði. Þar fara Eyfirðingar að Smiði Andræssyni hirðstjóra og mönnum hans og drepa þá.

**1497** Vasco da Gama heldur upp í fyrsta leiðangur sinn til Indlands, umhverfis Afríku.

**1922** Ingibjörg H. Bjarnason er kjörin á þing fyrst kvenna.

**1926** Ríkisstjórn undir forsæti Jóns Þorlákssonar sest að völdum.

**1951** Tveir íþróttamenn bíða bana og tveir aðrir slasast mikið þegar bjarg lendir á rútu í Óshlíð á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

**1987** Ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar sest að völdum. Jóhanna Sigurðardóttir, sem á sæti í þeirri stjórn, er þriðja kona til að gegna ráðherraembætti á Íslandi.



INGIBJÖRG H. BJARNASON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



Ástkær móðir okkar, amma, langamma, sambýliskona og systir,

**ÓLÖF B. ÁSGEIRSDÓTTIR**

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. júlí kl. 13.00. Blessuð sé minning hennar.

Fyrir hönd aðstandenda. Birgitta, Svafar, Bjössí.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**BÁRA GERÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR** til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést 29. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 10. júlí kl. 13.00.

Gústav Kristján Gústavsson Inga Gústavsdóttir Gústav Kristján Gústavsson Ásdís Heiðdal Gústavsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Einarsson Margrét Sólveig Ólafsdóttir



Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**SIGURDÓR HALLDÓRSSON** Hamrabyggð 7, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 30. júní. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 9. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Halldór Gunnlaugsson Bárá Fjóra Friðfinnsdóttir Skarphéðinn Halldórsson Birta Dögg Birgisdóttir Birgir Smári Skarphéðinsson Emil Árni Skarphéðinsson



WWW.KVEDJA.IS

Útvarastofa SVAFARS & HERMANNSS



Virding Reynsla & Þjónusta Allan solarhringinn



571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

PETTA GERÐIST: 8. JÚLÍ 1903

Síldarævintýrið hófst á Siglufirði

Síld var landað á Siglufirði í fyrsta skipti þennan dag árið 1903. Þá höfðu Norðmenn hafið síldveiðar fyrir Norðurlandi og fljótlega fóru Íslendingar að dæmi þeirra. Siglufjörður varð strax helsti síldarbærinn vegna góðrar hafnaraðstöðu frá náttúrunnar hendi og nálægðar við miðin. Nokkrar síldarbræðslur voru reistar, þar á meðal sú stærsta á landinu, og yfir tuttugu söltunarstöðvar voru þar þegar best lét.

Á síldarárunum var því mikið um að vera á Siglufirði og oft margt farandverkafólk í plássinu sem vann í tórnum og fékk vel greitt fyrir, þannig að Siglufjörður varð hálfgerður gullgrafarabær. Sum árin var verðmæti síldarútflutnings frá Siglufirði yfir 20% af öllum útflutningi Íslendinga. Siglufirðingar minnast þessa tímabils og í bænum er starfandi Síldarminjasafn.



Það var alltaf hljóðfæra-leikur í þessu húsi

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefjast annað kvöld í tuttugasta og fimmta sinn. Á þessum aldarfjórðungi hafa margir helstu tónlistarmenn landsins komið fram í safninu og oft dregið með sér erlenda kollega. Hlíf Sigurjónsdóttir veit meira.

„Við erum með mjög flotta tónlistarmenn í sumar. Martial Nardeau er fyrstur, hann spilar eins og engill á óbóið sitt og það er ekki oft sem heilir tónleikar eru leiknir á það hljóðfæri, eitt og sér,“ segir Hlíf Sigurjónsdóttir, listrænn stjórnandi Sumartónleika Listasafns Sigurjóns. Hún er að tala um tónleikana annað kvöld, þá fyrstu í safninu þetta sumarið.

Æft í öllum hornum

Hlíf er eitt þriggja barna listamannsins Sigurjóns og Birgittu Spur, konu hans. Hún ólst upp í húsinu á Laugarnestanganum við listasafnið. Sumartónleikahefðin í safninu er á tuttugasta og fimmta ári og Hlíf rekur upphaf hennar til þess að þau systkinin hafi öll verið að læra á hljóðfæri og hafi oft komið fram á tónleikunum fyrstu árin. „Það var alltaf hljóðfæra-leikur í húsinu. Við systkinin æfðum okkur í öllum hornum. Það var slegist um að vera niðri hjá pabba í vinnustofunni, eða frammi í forstofu,“ rifjar hún upp og fræðir mig um að bræður hennar séu Freyr Sigurjónsson, fyrsti flautuleikari sínfóníuhljómsveitarinnar í Bilbaó á Spáni og Ólafur Spur sellóleikari sem var í sínfóníuhljómsveit í Malmö í Svíþjóð.

Grasrótin brást ekki

„Við stóðum frammi fyrir því í fyrra-sumar að kannski væri þessi tónlistarþáttur starfsins í safninu bara búinn því aðstæður breyttust. Mamma gaf safnið, húsið og eigurnar til þjóðarinnar,“ segir Hlíf og bætir við spösk. „Á þessum síðustu tímum verður allt



Í LISTASAFNI SIGURJÓNS Martial Nardeau óbóleikari var mættur í safnið til að æfa fyrir tónleikana annað kvöld og er hér með skipuleggjandanum og dótturinni í húsinu, Hlíf Sigurjónsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að skila arði í beinhörðum peningum og þá er ekki búið að verðsetja lífs-gæði.“ Hún segir vissan mótþróa hafa gert vart við sig hjá fjölskyldunni og ákveðið hafi verið að safna peningum til að styðja við bakið á 25. tónleikaröðinni. „Við póstlögðum um tuttugu bréf til fyrirtækjanna í Borgartúninu. Þeim var boðið að kaupa styrktarlínur í sumartónleikabæklinginn, kaupa X marga miða á tónleika eða veita styrk. Fjögur fyrirtæki svöruðu strax að þau sæju sér það ekki fært og frá öðrum heyrðist ekkert. Fyrir þremur vikum var bæklingurinn að fara í prentun og ég ákvað að hringja í öll fyrirtækin og árétta boðið. Sá bæklingur fer víða og

þar með auglýsingarnar. Það voru lögfræðingar sem mamma hefur skipt við sem slógu til, ásamt Frú Laugu, bændamarkaði og Fiskbúðinni á Sundlaugaveginum. Grasrótin sem hefur sans fyrir hlutum.“

Öllu betur gekk að fá listafólk til að koma fram. „Bæði í fyrra og núna hafa rúmlega fimmtíu sótt um en við erum með átta tónleika. Fólk vill koma og spila og það er ekki út af peningunum, því við getum ekki borgað mikið. En salurinn er yndislegur og staðsetningin einstök. Þannig blandast saman tónlist, myndlist og umhverfi. Þetta er allt verðmætt og fer vel saman.“

gun@frettabladid.is

Ætli það sé ekki ástin?

Litirnir í fjallinu er heiti sýningar á verkum Svavars Guðnasonar sem opnuð var um síðustu helgi í Listasafni Hornafjarðar. Hún verður opin í allt sumar.

Þróun Svavars Guðnasonar sem listamanns er þema nýrrar sýningar á verkum hans í Listasafni Hornafjarðar. Hún ber heitið Litirnir í fjallinu. Listrænn stjórnandi hennar er Jón Proppé.

Svavar fæddist á Höfn 18. nóvember 1909 og ólst þar upp en flutti til Reykjavíkur 1928 þar sem hann kynntist þeim listamönnum sem mest bar á á þeim tíma og því meginhlutverki listarinnar að upphafja fegurð landsins; listin, fegurðin og landið voru eitt.

Svavar hafði kynnst landslagsmálverkinu fyrr á æviferli sínum og málað með sveitungum sínum. Í æskuverkum hans er náttúra Hornafjarðar í brenni-depli, stórbrótin náttúra hafs, jökla, vatna og fjalla sem dreif hann áfram til nýrra afreka á sviði listarinnar. Svavar lést í júní 1988.

Þetta sagði Halldór Laxness meðal annars um Svavar:

„[...]Hvar sem myndir Svavars Guðnasonar hanga tekur maður eftir ákveðnum tærleika í hátónalítunum;



LITIRNIR Í FJALLINU „Hér er list sem á sitt raunsæislega upphaf í ljósheimi Vatnajökulssvæðisins,“ sagði Halldór Kiljan um myndir Svavars.

þetta gerir það að verkum að myndir hans skera sig úr þegar þær hanga á sýningu með myndlist frá öðrum löndum: Þetta er Íslands, segir maður. Ef maður væri smámunasamari segði maður jafnvel: Hér er list sem á sitt raunsæislega upphaf í ljósheimi Vatnajökulssvæðisins.

[...]

En lykiltónn á litaspjaldi Svavars er

þó, í ótal tilbrigðum en alltaf jafnágegn, nærvera af rauðu.

Segðu mér Svavar, spyr ég. Þessi rauði litur [...] Hvaðan hefur þú hann?

Svavar (með dempuðum raddblæ sem líka er dæmigerður fyrir héraðið undir Vatnajökli):

„Ætli það sé ekki ástin?“ (Þýðing: Jón Proppé)

- gun



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## DÆGURPERLUR Í HANNESARHOLTI

Tónleikar verða í Hannesarholti, Grundarstíg 10, í dag kl. 17. Þar mun píanistinn og söngvarinn Kristján Hrannar Pálsson leiða gesti gegnum brot af dægurlagafjársoði þjóðarinnar, eftir höfunda á borð við Sigfús Halldórsson, Jónas og Jón Múla Árnasyni, Oddgeir Kristjánsson og fleiri.

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Lítið hringlótt og uppfyllt af möguleikum. [www.weber.is](http://www.weber.is)



# THERMO BOLLAR Í FALLEGUM LITUM

**SVEINBJÖRG KYNNIR** Eftir langa bið eru hitapolnu thermo postulínsbollarnir frá Sveinbjörgu aftur komnir í verslanir, en síðasta upplag seldist upp á met tíma fyrir jól. Nú eru nýir litir í boði, bleikir, gráir og ljósbláir.

Það er gaman að segja frá því að sendingin er komin, það eru svo margir sem hafa beðið eftir bollunum, enda hafa þeir verið uppseldir í hálf ár. segir Sveinbjörg Hallgrímsdóttir, myndlistarmaður og eigandi fyrir-tækisins sem kennt er við hana. Thermo krúsirnar og bollarnir slógu heldur betur í gegn, en sendingin rokseldist á síðasta ári. „Þetta rauk út á einum og hálfum mánuði löngu fyrir jól í fyrra. Öll sendingin, sem var alveg risastór.“ Um er að ræða thermo postulínsbolla sem hægt er að fá í tveimur stærðum, eru holir að innan og halda því vel heitu og hitna ekki í gegn. Minni bollarnir eru seldir tveir saman í kassa en með þeim stærri fylgir sílikonlok og griphringur úr stálkoni.

Nýja sendingin skartar glænýjum litum sem eru tiskulitirnir í ár. „Þetta tók sinn tíma, því við þurfum að fá sýnishorn af litunum hverju sinni sem getur verið langt ferli. En nú eru krúsirnar komnar og seljast bara eins og heitar lummur,“ segir Sveinbjörg en nýju litirnir eru bleikir, grár og ljósblár í minni bollunum og bleikur og limegrænn í krúsunum með lokinu. „Við erum aðallega að vinna í tveimur mynstrum, annars vegar garðveislunni, sem eru þrestir og reyniviður, og hins vegar hrafnamynstrinu. Við breytum alltaf mynstrunum aðeins en aðal-nýjungin felst í litunum.“

Hönnunarvörur Sveinbjargar eru yfir hundrað talsins, í ýmsum flokkum. Borðbúnaður, vefnaðarvörur, glugga- og veggskraut er meðal þess sem finna má undir merkinu. Hægt er að skoða vöruúrvalið og sölustaði á heimasíðu fyrirtækisins, [www.sveinbjorg.is](http://www.sveinbjorg.is), og einnig er bent á Facebook-síðu hennar, þar sem reglulega koma inn fréttir og myndir af vörunum og nýjungum.



### MYNDLISTIN FÆR FRAMHALDSLÍF

Sveinbjörg gefur myndlistarverkum sínum framhaldslíf í hönnunarvörum sínum.



## RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM



5 ára ábyrgð

Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarkshvöld. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

Stærð	Verð áður	Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr.
90x200	89.900.-	74.900.-
140x200	119.900.-	104.900.-
160x210	129.900.-	114.900.-
180x200	149.900.-	134.900.-



Gerið gæða- og verðsamanburð

### Frábært kynningarverð á MEMORY HEALTH CARE þrýstijöfnunar-heilsudýnum

Stærð	Kynningarverð
90x200	99.900.-
120x200	119.900.-
140x200	139.900.-
160x200	149.900.-
180x200	169.900.-



5 ára ábyrgð

12 mán. vaxtalausr greiðslur\*



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



# PRÓGASTRÓ

Áhrifaríkur ASÍDÓFÍLUS ásamt öðrum öflugum góðgerlum

**Oft spurt?**  
Af hverju virka **PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3** góðgerlarnir svona vel og fljótt á marga meltingaerfiðleika eins og hægðatregðu, niðurgang, uppbembu, kandíta, sveppasýkingu ofl.

**Svar?**  
Lykillinn er að allir góðgerlarnir í **PRÓGASTRÓ DDS PÚS 3** eru gall- og sýrupolnir og ná að lifa ferðina af í gegnum magann niður í smáþarmana. Auk þess er **ASÍDÓFÍLUSINN DDS 1**, sem hefur þann hæfileika að fjölga sér og dvelja í þörmunum, vinnusamur og stöðugur.

**Notkun**  
2 hylki á morgnana á fastandi maga geta gert kraftaverk fyrir meltinguna! Margir fullyrða að þeir sem hafa góða meltingu séu hamingju-samari.

**- Prófaðu og upplifðu muninn**

**Þessi vara er laus við:**  
Mjólk • Glúten • Sykur  
Soja • Rotvarnarefni

Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

www.gengurvel.is



# MATINN MEÐ Í BOÐIÐ

**ÍSLENSK HÖNNUN** Bergdís Björt Guðnadóttir hannaði hentugt ílát til að grípa matinn með þegar allir eiga að leggja eitthvað til á veisluborðið.

Töfraturninn er ílát undir mat til að taka með í veisluna þegar allir eiga að koma með eitthvað,“ útskýrir Bergdís Björt Guðnadóttir keramikhönnuður þegar hún er spurð út í loka-verkefni sitt frá Myndlistaskólanum í Reykjavík frá í vor. Bergdís hannaði þrjár postulínsskálur sem falla hver ofan í aðra þegar þeim er staflað upp og festar saman með viðarhandfangi.

„Ég skoðaði mikið indversk nestisbox úr stáli við hugmyndavinnuna en þau eru byggð upp á svipaðan hátt, raðað saman og fest með spennu. Ég vildi að hægt væri að bera matinn fram í ílátnu og jafnvel hita matinn upp í ofni. Skálarnar eru eldfastar og til dæmis hægt að baka í þeim köku og taka með sér í heimsókn. Ég sá fyrir mér litla smárétti eins og kjötbollur eða salöt, og eins væri hægt að taka ílátin með í lautarferð, forrétt, aðalrétt og eftirrétt.“

Botn og lok turnsins eru viðarplattar sem einnig er hægt að nýta sem hitaplatta undir skálarnar ef þess gerist þörf og svo er allt fest saman með tréhandfangi.

„Ég hafði leitað að samstarfsaðila til að vinna tréhlutina með mér og talaði að endingu við Iðnskólann í Hafnarfirði. Þar fékk ég frábærar móttökur og Daníel Rúnar Sölvason, sem var að útskrifast þaðan í vor, fékk að vinna þetta með mér sem verkefni í Iðnskólanum,“ segir Bergdís, sem vonast til að geta komið Töfraturninum í framleiðslu.

„Ég er á leiðinni í framhaldsnám til Danmerkur í haust svo það verður kannski ekki í nánustu framtíð. En ég hef fengið góð viðbrögð við vörunni og vonandi get ég komið henni áfram í framleiðslu.“

■ heida@365.is



**▲ MATINN MEÐ**  
Daníel Rúnar Sölvason smíðaði viðarhlutana í Töfraturninn.

**◀ TÖFRATURNINN** Bergdís hannaði eldfastar skálur úr postulínu sem hægt er að stafla upp og taka matinn með í veisluna.

MYND/BERGÐÍS GUÐNADÓTTIR



**HÖNNUÐUR** Bergdís Guðnadóttir er á leiðinni í framhaldsnám í keramikhönnun til Danmerkur.

# Meirapróf



**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737**

**Næsta námskeið hefst 10. júlí**

# SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍÐ

**STÖÐ 2 OG RÚV HVAR SEM ER MEÐ OZ APPINU!**

Nú getur þú horft á Stöð 2 og RÚV í iPad hvar og hvenær sem er með nýja OZ appinu. Prófaðu ókeypis á oz.com.

**Eigum 18 gerðir af iPad og iPad mini á lager á lægra verði.**





# HJÓLAGEYMSLA

■ **SNILLD** Stigar eru oft fyrirferðarmiklir. Góðar lausnir, til að nota rýmið sem myndast undir þeim, eru því vel þegnar. Á myndinni hefur hugvitsamlegur eigandi ákveðið að nýta plássið undir hjólin sín. Það er ekki galin hugmynd, sérstaklega þar sem engar hjólageymslur eru.

Stiginn getur nýst undir ýmislegt. Til dæmis eru margar útgáfur til af bókahillum undir stigum sem er ákaflega skemmtileg lausn. Aðrir búa til heimaskrifstofu eða tölvu-aðstöðu. Einnig má loka fyrir og útbúa þar geymslu. Enn aðrir útbúa leikhorn fyrir börn. Ef menn vilja innblástur kemur netið að góðu gagni. Þar er bæði hægt að sjá lausnir og myndir. Ýmsar skemmtilegar hugmyndir má skoða á fresh-home.com.



**SKAPANDI JAFNVÆGI**  
100% design er stærsti hönnunarviðburður í Bretlandi. Yfir þúsund vörur voru frumsýndar á sýningunni í fyrra.

# 100% HÖNNUN

Hönnunarsýningin 100% design fer fram dagana 18. til 21. september í London í átjándra sinn, en hún fór fyrst fram árið 1995. Þetta er stærsti hönnunarviðburður Bretlands en yfir 25 þúsund gestir sóttu sýninguna á síðasta ári. Þá var sýningin tilnefnd af AEO Excellence Awards til tvennra verðlauna í ár, Best Tradeshow Exhibition og Marketing Campaign of the Year.

Hönnuðir eru valdir sérstaklega inn á sýninguna og eiga að endurspegla allt það nýjasta og vandaðasta í hönnunar- og arkitektúrheiminum. Yfir þúsund vörur voru frumsýndar á sýningunni í fyrra.

*Þema sýningarinnar í ár er „skapandi jafnvægi“ og sjónum beint að þeim dansi sem hönnuðir þurfa að dansa milli skapandi hugsunar og að mæta því sem markaðurinn kallar eftir.*



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**  
**landmark.is**

**Landmark leiðir þig heim!**



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariúson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

# 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
www.fasteignasalan.is

Milliliðalaust samband við löggiltan fasteignasala



**699 4994**

**Hafðu samband  
þegar þú  
þarft að selja  
eða kaupa!**

**Páll Guðjónsson**  
pall@fasteignasalan.is  
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali  
Löggiltur leigumíðlari

Fasteignasalan Bær • Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogur

## Ný raðhús í Kópavogi

LANDMARK, fasteignasala, sími 512.4900 kynnir: Vönduð og vel hönnuð raðhús á einni hæð með bílskúr að Austurkór 55-61 í Kópavogi. Óbyggt svæði á baklóð.

Um er að ræða 180 fm staðsteypt raðhús með bílskúr, hönnuð af Aðalsteini V. Júlíussyni og Verkfræðistofu Kópavogs. Skipulag hvers húss er eftirfarandi; íbúð er 159,5 fm og 21,5 fm sambyggður bílskúr. Öll húsin hafa stóran garð í suður.

Rúmgott anddyri. Gangur/hol. Badherbergi. Rúmgóð stofa/eldhús. Svefnherbergisgangur. Fjögur svefnherbergi. Badherbergi í enda gangs. Hægt er að sleppa fjórða svefnherberginu og stækka stofurými sem því nemur og nota til dæmis sem sjónvarps-hol eða auka borðstofu. Í anddyri er þvottahús á hægri hönd. Innangeigt úr þvottahúsi í góða geymslu og bílskúr.

Skilalýsing: Húsið afhendist fullbúið að utan, veggir sandpússaðir og málaðir. Gluggar



Stílhrein raðhús við Austurkór í Kópavogi.

og útihurðir hafa verið settar í og einangraðar. Lóð er jarðvegsskipt og grófjöfnuð. Þak er fullbúið og einangrað. Að innan skilast húsið fokhelt með vatnslögnum og affallslögnum badherbergja og eldhúss, ótengdum í íkomnum í gólfplötuna. Plata er tilbúin til lagningar á gólfhita. Útveggir að innan skilast tilbúnir til einangrunar og steypfir innveggir sem eru komnir, þar með taldir útveggir á milli húsanna sem eru tilbúnir til slípunar og spörlunar. Loftplatan afhendist tilbúin til slípunar og spörlunar.



Plastpípur raflagna eru komnar í steypa loftplötuna og þá útveggi sem tilbúnir eru til slípunar og spörlunar. Afhending 1. september 2013.

Allar nánari upplýsingar veita Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931 eða Magnús Einarsson í síma 897-8266.

**FRÍTT VERÐMAT  
HRINGDU NÚNA**

**820 8081**

Sylvia G. Walthersdóttir  
sylvia@remax.is

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg.fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarsson  
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook



**Arnarsmári 14 - 3ja herb**  
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:30-18:00**  
Glæsileg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílskúr. Eignin skiptist í forstofu með skáp, tvö svefnherbergi, badherbergi með nýlegum flísalögðum sturtuklefa. Eldhús með borðkrók. Björt stofa með útgengi út í sólskála og sólpall. Þvottahús innan íbúð. Sér geymsla í kjallara.



**Stangarbraut Öndverðarnesi**  
Nýlegt fullbúið sumarhús í Öndverðarnesi. Húsið er skráð 137 fm að stærð og skráð byggingarár 2008. Húsið er vel staðsett þjálkahús með góðri lofthæð. Steipt plata, hiti í gólfum, heitur pottur og 4 stór herbergi. Gott hús fyrir stórfjölskylduna. Góð kaup!



**Lómasalir - Endaraðhús.**  
Stórglæsilegt um 220 fm endaraðhús með bílskúr. Sérlega vel hannað fjölskylduhús með fimm góðum svefnherbergjum. Allur frágangur er til fyrirmyndar. Sérsmíðaðar innréttingar og vönduð gólfefni. Glæsileg fullbúin lóð með afgirtum ca 100 fm sólpalli. **V. 62,9 m**



**Holtsgata Hfj. - 2ja herb.**  
Vinalæg og töluvert mikið endurnýjuð 55 fm íbúð á miðhæð í þrívíðshúsi. Endurnýjað badherbergi, rúmgott opið eldhús. Á lóðinni er góð útgeymsla / vinnuáðstaða. Áhvf. 11,6 m.



**Klapparhlíð - 2ja herb.**  
Góð 70 fm íbúð á 2.hæð í viðhaldslitlu þriggja hæða fjölbýli. Björt rúmgóð rými og gott skipulag. Þvottahús innan íbúðar og suður svalir. Góð kaup - Laus fljótlega!



**Sundlaugavegur - 6 herbergja hæð.**  
Mjög rúmgóð og vel skipulögð um 131 fm hæð, fjögur svefnherb. og tvær stofur. Tölvvert endurnýjuð eign, m.a. eldhús og parketi og húsið nýlega viðgert. Góð staðsetning við Laugardalinn. **V. 34,9 m.**



**Ásakór - 4ra herb.**  
Vönduð og vel skipulögð 120 fm endaíbúð ásamt stæði í bílskyl. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þrjú góð svefnherbergi, góðar svalir og útsýni. **V. 34,5 m.**



**Reykás - 3ja herb.**  
Góð mikið endurnýjuð 85 fm endaíbúð á efstu hæð með miklu útsýni. Nýlegt badherbergi, endurbætt eldhús og öll gólfefni. Tvö svefnherbergi og stórar svalir. Laus til afhendingar. **V. 24,3 m.**



**Gullsmár - 3ja herb.**  
Vel skipulögð um 90 fm 3ja herbergja íbúð á 4. hæð lyftuhúsi. Tvö rúmgóð herbergi og björt stofa. Stórar suðursvalir með fallegu útsýni. Íbúðin er laus við samning. Góð kaup!



**Reynimelur - 4ra herb.**  
Góð mikið endurnýjuð 95 fm endaíbúð á efstu hæð. Þrjú svefnherbergi og bjartar stofur. Frábært útsýni af stórum hornsvölum. **V. 31,5 m.**





**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is



**Jón Guðmundsson**  
Sölustjóri  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Páll Þórólfsson**  
Sölumaður  
pall@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### PARHÚS



#### KÓPAVOGSBARÐ-KÓPAVOGI.

Glæsilegt og vel hannað parhús á tveimur hæðum. Eignin er 315 fm. að stærð að meðtöldum 29,1 fm. bílsku'r og 18 fm. opinnar geymslu/herbergis. Svalir til suðurs og verönd til suðurs og vesturs. Eignin afhendist fullbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga.

### 2JA HERBERGJA



#### BERGPÓRUGATA- REYKJAVÍK.

- 35,1 fm. ósamþykkt íbúð í kjallara miðsvæðis.
- Íbúðin hefur nánast öll verið endurnýjuð á sl. 10 árum.
- Eldhús, stofa og eitt herbergi innaf stofu.
- Nýlegar raflagnir og tafla.

**12,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### LÆKJARGATA – HAFNARFIRÐI.

- Falleg og vel skipulögð 86,9 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi.
- Yfirbyggðar svalir til suðurs og sér þvottaherbergi.
- Þjört stofa. Opið eldhús við stofu. Tvö herbergi.
- Frábær staðsetning miðsvæðis í Hafnaf.

**23,9 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### HÁTEIGSGVEGUR, RVK. NEÐRI SÉRH.

- 5 herbergja 122,5 fm. neðri sérhæð auk 32,0 fm. bílskúrs.
- Samliggjandi skiptanlegar stofur. 3 herbergi.
- Svalir út af stofu og einu herbergi.
- Nýlegt parket er á íbúðinni.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt bæjarstjórn Kópavogs þann 28. maí 2013 tillögu að breyttu deiliskipulagi Vatnsendahlíðar – Þing, reitir 2, 3 og 4. Tillagan var kynnt frá 26. febrúar með athugasemdafrest til 12. apríl 2013. Athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 12. júní 2013 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild

Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með kæru sbr. 5. mgr. 52. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 8. júlí 2013.

### Dalvegur, hringtorg. Breytt deiliskipulag Dalvegur 2-16 (1. áfangi).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt bæjarstjórn Kópavogs þann 28. maí 2013 tillögu að breyttu deiliskipulagi Dalvegur, hringtorg – Dalvegur 2-16 (1. áfangi). Tillagan var kynnt frá 19. mars með athugasemdafrest til 7. maí 2013. Athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 13. júní 2013 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild

Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með kæru sbr. 5. mgr. 52. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 8. júlí 2013.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar skipulagsáætlanir er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

[FASTEIGNIR.IS](http://FASTEIGNIR.IS)



# FJÖLBREYTT MÁNUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



20:00

## KINGDOM OF PLANTS

Attenborough þekkir náttúrulef heimsins betur en flestir og að þessu sinni eru það plönturnar sem fá athygli hans.



20:50

## NASHVILLE

Dramatískir þættir þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonuna Rayna James.



22:20

## BOSS

Dramapáttaröð með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago sem svífst einskis til að halda völdum.



7:00-20:00

## BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00

## BÍÓ SIDEWAYS

Verðlaunuð gamanmynd með hádramatískum undirtóni með Paul Giamatti og Thomas Haden Church í aðalhlutverkum.

Fáðu þér áskrift  
512 5100  
stod2.is



### SUDOKU

LÉTT								
7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6			9
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

5	6	3	4	2	8	9	1	7
8	7	4	3	9	1	6	2	5
9	1	2	7	5	6	4	3	8
3	8	9	1	4	2	7	5	6
2	4	6	5	3	7	8	9	1
7	5	1	8	6	9	2	4	3
6	3	5	9	7	4	1	8	2
4	2	8	6	1	5	3	7	9
1	9	7	2	8	3	5	6	4

### LÉTT


6	8	3	9	2	4	1	7	5
4	7	2	1	5	8	9	6	3
1	5	9	3	6	7	4	8	2
5	9	7	4	1	6	3	2	8
8	1	4	5	3	2	6	9	7
3	2	6	7	8	9	5	1	4
7	3	8	6	9	5	2	4	1
9	4	5	2	7	1	8	3	6
2	6	1	8	4	3	7	5	9

### MIDLUNGS

				9	4			5

6	8	7	2	5	3	1	9	4
3	4	1	9	7	8	6	5	2
5	9	2	1	4	6	7	3	8
4	5	9	3	6	1	8	2	7
8	7	6	4	2	5	3	1	9
1	2	3	7	8	9	4	6	5
7	3	4	5	1	2	9	8	6
9	6	5	8	3	7	2	4	1
2	1	8	6	9	4	5	7	3

### LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

### SPAKMÆLI DAGSINS

„Dagur án hláturs er dagur án tilgangs.“  
Charlie Chaplin

1			2	3	4	5
6		7		8		
9			10		11	
12				13		
		14				15
16				17		
18		19			20	
21						

### KROSSGÁTA

#### LÁRÉTT

2. skraf, 6. í röð, 8. traust, 9. bergmála, 11. ekki, 12. mæling, 14. gáleysi, 16. sjó, 17. einkar, 18. hætta, 20. samtök, 21. málmhúða.

#### LÓÐRÉTT

1. botnfall, 3. ólæti, 4. rugla, 5. bóndi, 7. lítilræði, 10. söða, 13. kvk nafn, 15. kaupbætur, 16. aska, 19. ónefndur.

#### LAUSN

15. álag, 16. söt, 19. nn. 5. búi, 7. smáhvæðing, 10. áta, 13. una, 16. brensla, 3. at, 4. brensla, 17. all, 18. ögn, 20. aa, 21. tína. 11. ei, 12. mætun, 14. vangá, 16. sæ, 17. rab, 6. rs, 8. trú, 9. óma, LÁRÉTT: 2. rab, 6. rs, 8. trú, 9. óma,

### SKÁK

#### Gunnar Björnsson

Karjakin er efstur að loknum 4 umferðum á Grand Prix móti í Beijing. Mamedyarov er annar. Hann vann Wang Hao laglega í 2. umferð.

#### Hvítur á leik



36. Rxb2! Hxb2 37. Hd1. Svartur gafst upp því hann gat ekki varist hótunum hvíts, t.d. 38. Df7 og 38. Hxd6+. Pingeyingar unnu á Landsmóti UMFÍ sem fram fór um helgina, Kjalnesing-ar urðu aðrir og Fjölnismenn þriðju. [www.skak.is](http://www.skak.is) Hjörvar teflir á Opna skoska meistaramótinu.



# max.is

FRÍ HEIMSENDING  
UM LAND ALLT  
Í JÚLI EF PANTAÐ ER  
Á MAX.IS

**2000 RAFTÆKI**  
**+ OKKAR LÁGA VERÐ**

**MAX RAFTÆKI**

Leitarorð... **LEITA**

RAFTÆKI  
HEIMLISTÆKI  
RAFTÆKI  
TÖLVUR  
DVD  
TÖLVULEIKIR  
SÍMAR  
MYNDRÉLAR  
BÚSÁHÖLD  
LEIKIATÖLVUR  
SPIALDTÖLVUR

**Verðvernd Max  
33 DAGAR**

**Skilaréttur Max  
33 DAGAR**

**NÝTT KORTATÍMABÍL**

**NETKLÚBBUR MAX**  
Sértilboð aðeins fyrir  
netklúbbsfélaga

Tölvuþráttang **Skró**

# 200%

**flöt niðurfelling  
á verði á  
heimilistækjum!**

**Gildir 4.-8. júlí**

**MAX RAFTÆKI**

**-20%**  
400w Blandari – Stál  
~~4.989~~  
**3.991**  
Setja í körfu

Tilvalinn fyrir boost, súpur og sósar  
2 Hraðastillingar og puls hraði

**-20%**  
Whirlpool 187cm Kæliskápur  
~~109.989~~  
**87.991**  
Setja í körfu

Með frysti. 225L Kælin  
Orkuskipting A+. Hljóði: 39dB

OPIÐ  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ  
Sími 412 2200 - [www.max.is](http://www.max.is)

**Beint á móti IKEA**



## Við erum byrjaðir

**BAKPANKAR**  
Ragnheiðar  
Tryggvadóttir

Ég heyrði söguna öskra gegnum símann svo skar í eyrun. Maðurinn á hinum enda línunnar heyrði ekkert í mér. „Hvað segirðu?“ hrópaði hann þegar ég kynnti mig. Ég hafði misst af símtali frá honum skömmu áður og var nú að hringja til baka.

Ég þóttist vita hvaða erindi hann hafði átt við mig og hávaðinn í söginni gerði mig tugaóstyrka. Þeir voru byrjaðir.

Ég gat sjálfir mér um kennt. Ég hafði gengið á eftir þeim, ýtt á um að drífa þetta í gang sem fyrst. „Helst á morgun“ hafði ég nauðað þegar ég fékk þá fyrst til verksins en þeir höfðu engu lofað. Sögðust skrifa mig niður á listann hjá sér, svo sæjum við til. Það var víst mikið að gera. Þetta verk hafði lengið staðið til, árum saman reyndar og oft hafði ég bölvæð því að drífa þetta ekki bara í gang. Að nokkrum dögum liðnum hafði ég því aftur samband við þessa mætu menn og ýtti enn á eftir

verkinu. Hvort nokkur séns væri að þeir kæmst í þetta fljótlega? Helst á morgun!

Nú voru þeir byrjaðir og ég heyrði á söginni gegnum símann að verkið var á fljúgandi siglingu. Að hendur stæðu fram úr ermum. Trén í garðinum mínum væri verið að bíta niður eitt af öðru til að hleypa kærkönnu sólskininu að blettinum. Í garðinum mínum, vonandi!

FYRR um daginn hafði ég nefnilega fengið símtal þar sem vasklegur maðurinn tilkynnti mér að, jú, þeir kæmst í þetta í dag. Barasta núna á eftir og nei, nei ég þyrfti ekkert frekar að vera á staðnum. Þeir gengju bara í verkið. Hvar ætti ég aftur heima? Ég hafði þurft að endurtaka heimilisfangið mitt. Hann hélt að ég byggði annars staðar. Og nú voru þeir byrjaðir.

MEÐ sagargnýnni í eyranu sá ég fyrir mér tré falla í ókunnugum garði. Ræktarleg reynitré og blómstrandi gullregn og hjartað missti úr slag. Ég hrópaði á manninn í símanum, fannst hann jánka við. Svo lagði hann á. Ég steig hjólið mitt titrandi í hnjánum heim.



**SPÁÐ OG SPEKÚLERAD** Sýningargestir virtu listaverkin fyrir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**FLOTT SAMAN** Halldór Heiðar Bjarnason og Lilíán Pineda komu við í Listasafninu.

# Fjölmenni á sýningaropnun Söru Riel

Opnun sýningar myndlistarkonunnar Söru Riel, Memento mori, fór fram í Listasafni Íslands á föstudaginn. Síðastliðin þrjú ár hefur Sara rannsakað náttúrugripasöfn, hér á landi sem og erlendis, en afrakstur rannsóknarvinnunnar má sjá á sýningunni. Sýningin stendur yfir til 25. ágúst.



**FÍNAR** Þær Guðrún Ragnarsdóttir og Lilja Birgisdóttir mættu á opnunina.



**SÆL MEÐ SÝNINGUNA** Pau Sigurborg Stefánsdóttir og Meðkínó Björnsson stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



**LÉTU SIG EKKI VANTA** Pau Marteinn Bjarnar og Michelle voru viðstödd opnunina.



**SKÁLUÐU Í HVÍTT** Pau Karen frá Kanada og Martinez frá Litháen lofuðu sýninguna.

**SMÁRABÍÓ**

KL. 5.30 - 8 - 10.30

KL. 5.30 - 8 - 10.30

KL. 5 - 8 - 11

KL. 5.10 - 8 - 10.50

KL. 10.35

KL. 5.25 - 8

KL. 3.20

KL. 3.20

**HÁSKÓLABÍÓ**

KL. 5.30 - 8 - 10.30

KL. 6 - 9

KL. 8 - 10

KL. 9

KL. 5.45

KL. 6

**SMÁRABÍÓ**

THIS IS THE END KL. 5.30 - 8 - 10.30 16

THIS IS THE END LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 16

THE LONE RANGER KL. 5 - 8 - 11 12

WHITE HOUSE DOWN KL. 5.10 - 8 - 10.50 14

THE PURGE KL. 10.35 16

THE INTERSHIP KL. 5.25 - 8 7

EPIC 2D ÍSLTAL KL. 3.20 L

EPIC 3D ÍSLTAL KL. 3.20 L

**HÁSKÓLABÍÓ**

THIS IS THE END KL. 5.30 - 8 - 10.30 16

WHITE HOUSE DOWN KL. 6 - 9 14

THE PURGE KL. 8 - 10 16

THE INTERSHIP KL. 9 7

EPIC 3D ÍSLTAL KL. 5.45 L

THE GREAT GATSBY KL. 6 12

**BORGARBÍÓ**

THIS IS THE END KL. 5.40 - 10 16

WHITE HOUSE DOWN KL. 8 14

THE PURGE KL. 10.30 16

THE INTERSHIP KL. 5.40 7

Míðasala á: [midi.is](http://midi.is) og [Miði](http://Miði)

**LAUGARÁSBÍÓ**

KL. 5 - 8 - 10.20

KL. 5 - 10

KL. 8

KL. 8 - 10.20

KL. 5

**LAUGARÁSBÍÓ**

KL. 5 - 8 - 10.20 16

KL. 5 - 10 12

KL. 8 16

KL. 8 - 10.20 16

KL. 5 L

**LAUGARÁSBÍÓ**

THIS IS THE END 5 - 8 - 10.20 16

WHITE HOUSE DOWN 5 - 10 12

THE PURGE 8 16

THE ICEMAN 8 - 10.20 16

EPIC 2D 5 L

**SAMBÍÓIN**

KL. 5 - 6 - 8 - 10.10 - 11

KL. 5 - 8 - 11

KL. 5 - 8 - 11

KL. 9

KL. 8 - 11

KL. 5.50 - 8

KL. 6 TILBOÐ 400 KR.

KL. 8 - 11

KL. 8

KL. 10.20

**SAMBÍÓIN**

KL. 5 - 8 - 10 - 11

KL. 5 - 8 - 11

KL. 10.30

KL. 6 - 8

KL. 8

KL. 5.30

KL. 5 - 8 - 11

KL. 5 - 10

KL. 6 - 8 - 10.30

KL. 8

KL. 5 - 8 - 11

KL. 5 - 10

KL. 8

**TRYGĞÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS**

**BÍÓ PARADÍS**

Heimili kvikmyndanna

DAGSKRÁIN ER Á [WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS) OG [MIDI.IS](http://MIDI.IS)

EUROPA CINEMAS

FRÉTTABLAÐIÐ

ISLANDS





**PASSAR SIG** Chloë Moretz treysti mótleikkonu sinni, Julianne Moore, fyrir leyndarmálum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Leitaði ráða hjá Moore

Leikkonan Chloë Moretz segist treysta mótleikkonu sinni, Julianne Moore, fyrir leyndarmálum sínum, en þær leika mæðgur í endurgerð hrollvekjunnar Carrie. Moretz sagðist hafa rætt ástina við Moore og sú hafi gefið henni góð ráð. „Hún sagði mér að fara varlega og treysta dómgreind minni. Af því að þegar maður er ungur, þá verður maður ástfanginn og maður veit ekki einu sinni af því,“ sagði hin unga leikkona. Hún fer með hlutverk stúlkunnar Carrie White í samnefndri kvikmynd í leikstjórn Kimberly Peirce.



**FINNST RIGNINGIN GÓÐ** Emma Watson tekur rigninguna og rokið í Englandi fram yfir sólina í L.A.

## Kann ekki við Los Angeles

Emma Watson segir að hún gæti aldrei búið í Los Angeles. Leikkonan unga segist vera svo háð ensku veðráttunni, rigningunni og hvassviðrinu, að hún gæti ómögulega ímyndað sér að búa í hinni sólríku Los Angeles. „Ég er bara ensk stúlka af lífi og sál. Heimurinn er svo breyttur. Allir keyra um í bílum en mér finnst svo fínt að labba. Og svo er alltaf svo hrikalega heitt. Mér finnst rigningin góð,“ sagði leikkonan um stórborgina Los Angeles.



**HÆTT** Jessie J er hætt sem dómari í The Voice UK. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hætt sem dómari

Breska söngkonan Jessie J er hætt sem dómari í sjónvarpsþættinum The Voice UK. Hún sat í dómarasætinu í tvær þáttaraðir og staðfesti fregnirnar á Twitter. „Ég hafði mjög gaman af því að vera hluti af The Voice og vona að allir viti það. Ég hlakka mikið til þess að kynna nýju plötuna mína um allan heim og það starf hefur forgang núna,“ skrifaði söngkonan á föstudag. Jessie kvaðst jafnframt ætla að fylgjast vel með þriðju þáttaröð The Voice. „Ég vona að ég fái áfram að vera hluti af þættinum á einhvern hátt.“ Söngkonan sló í gegn árið 2011 með smellinn Do It Like a Dude.

# Lætur lægðina ekki á sig fá

John Travolta á langan leikferil að baki. Hann hefur þó ekki fengið mörg hlutverk síðustu ár.

John Travolta segir að skortur á kvikmyndaverkefnum fari ekki fyrir brjóstið á honum. Hann telur sig njóta blessunar því hann er enn starfandi eftir fjörutíu ár í bransanum. „Þú verður að skilja bakgrunn minn. Ég kem úr lágstéttarfjölskyldu og við höfðum ekki mikið á milli handanna, en við nýttum okkur listina. Þú ert að tala við mann sem starfar við það sem honum er kærast; að leika, syngja og dansa. Svo allar lægðir í leikaraferlinum hafa ekki haft mikið að segja,“ sagði Travolta

→ John Travolta sló í gegn í söngvamyndinni Grease árið 1978.

í viðtali við blaðamann The Guardian. Það eru ekki lægðirnar sem rista djúpt hjá leikaranum heldur áföllin. „Hið eina sem virkilega hafði áhrif á mig voru dauðsföllin. Þau voru mörg og höfðu djúpstæð áhrif.“



**SÁTTUR** Leikarinn John Travolta segir sig njóta blessunar því hann starfar enn sem leikari. GETTY IMAGES



énem / SIA / NORDICPHOTOS

## Svo létt á brauðið





## Bara ein skoraði meira en Margrét Lára

Aðeins einn leikmaður skoraði fleiri mörk en Margrét Lára Viðarsdóttir í undankeppni EM 2013 í Svíþjóð en Margrét Lára skoraði 11 mörk í 12 leikjum Íslands. Þar af skoraði hún tvö þeirra í umspilsleikjunum tveimur á móti Úkraínu. Céla Okoyino da Mbabi frá Þýskalandi varð markahæst með 17 mörk en hún skoraði meðal annars þrjár fernur. Ramona Bachmann frá Sviss og Verónica Boquete frá Spáni skoruðu jafnmörg mörk og Margrét Lára en þær léku báðar færri mínútur.



**3** DAGAR Í FYRSTA LEIK ÍSLANDS



## Vettel með sinn fyrsta heimasigur

**FORMÚLA** Þjóðverjinn Sebastian Vettel bar sigur úr þýtum í þýska kappakstrinum í Nürburgring í Formúlu 1-keppninni en ökuþórinn keyrir fyrir Red Bull-liðið. Petta var í fyrsta sinn sem Vettel vinnur á heimavelli. Með sigrinum jók Vettel forskot sitt í keppninni um heimsmeistaratitil ökumanna í 157 stig en í öðru sæti kemur Fernando Alonso hjá Ferrari með 123 stig. Kimi Räikkönen er í þriðja sæti í keppni ökumanna með 118 stig. Lið Red Bull náði einnig að styrkja stöðu sína í keppni bílsmíða en liðið hefur eftir keppnina í gær 250 stig

en Mercedes er töluvert á eftir þeim með 181 stig.

„Petta var erfiður kappakstur,“ sagði Vettel eftir keppnina í gær.

Petta er í 30. skipti sem Vettel fer með sigur af hólmi í Formúlu 1-kappaksturskeppni.

„Ég get ekki lýst því hversu ánægður ég er með það að vinna loks í mínu heimalandi. Kimi [Räikkönen] pressaði á mig alla keppnina og ég þurfti að hafa mig allan við til að koma fyrstur í mark.“

„Petta er einn mikilvægasti sigurinn á ferlinum, loksins hér í Nürburgring.“

- sáþ



**HEIMASIGUR** Vettel vann loks í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/GETTY



**MARKASKORARINN** Cavani gæti flutt sig yfir til Frakklands. NORDICPHOTOS/GETTY

## PSG með tilboð í Cavani

**FÓTBOLTI** Yfirmaður knattspyrnumála hjá PSG í Frakklandi hefur staðfest það að félagið hafi lagt fram tilboð í Úrúgvæann Edinson Cavani sem leikur með Napoli á Ítalíu.

Cavani var frábær á síðasta tímabili en hann var markahæstur í ítölsku deildinni er lið hans Napoli hafnaði í öðru sæti deildarinnar.

Leikmaðurinn er einn eftirsóttasti knattspyrnumaður heims í dag en lið eins og Real Madrid, Chelsea og Manchester City hafa verið á höttunum eftir honum, en verðmiðinn á leikmanninum hefur þótt of hár. Svo virðist því vera að Parísarborg sé líklegasti áfangastaður Cavani.

-shf

## BORGUNARBIKAR

### 8-LIÐA ÚRSLIT

**ÍBV - KR** **0-3**

0-1 Óskar Örn Hauksson (73.), 0-2 Kjartan Henry Finnbogason (76.), 0-3 Kjartan Henry Finnbogason (84.)

**Rauð spjöld:** Aaron Spear, ÍBV (34.), Ragnar Pétursson, ÍBV (88.).

**FYRKIR - STJARNAN** **2-3**

1-0 Viðar Örn Kjartansson (39.), 2-0 Viðar Örn Kjartansson (73.), 2-1 Garðar Jóhannsson (84.), 2-2 Tryggvi Sveininn Bjarnason (93.), 2-3 Tryggvi Sveininn Bjarnason (105.)

**Rautt spjald:** Ingvar Jónsson Stjarnan (60.)

**VÍKINGUR R. - BREIÐABLIK** **1-5**

0-1 Nicholas Rohde (08.), 0-2 Elfar Árni Aðalsteinsson (34.), 0-3 Ellert Hreinsson (50.), 0-4 Kristinn Jónsson (65.), 1-4 Arnþór Ingi Kristinsson (74.), 1-5 Nicholas Rohde (79.)

### LEIKUR KVÖLDSINS

Mánudagur 08. júlí: 19.15 Grótta - Fram.

# Bjórinn var lykillinn

Gunnlaugur A. Júlíusson hljóp tíu maraþon án þess að sofa á Thames Ring-mótinu í London um helgina. Hlauparinn notaði næturnar til að hlaupa á meðan aðrir keppendur hvíldu sig. Almennilegur matur og nóg af bjór kom Gunnlaugi í gegnum rúmlega 400 kílómetra. Nú tekur við hvíld hjá Íslendingnum.

**HLAUP** Það reyndi heldur betur á Gunnlaug A. Júlíusson um helgina en hann hljóp tíu maraþon á Thames Ring 2013-mótinu sem fram fór í London. 37 hlauparar hófu keppni á miðvikudagsmorgun og aðeins 14 þeirra klárðu mótið í gær. Gunnlaugur kom fjórði í mark. Hlaupið hófst við Thames-ána í London en hlaupararnir ná lítið sem ekkert að hvílast milli maraþona. Allir hafa þeir að hámarki 100 klukkustundir til að klára hlaupið en það tók Gunnlaug um 70 klukkustundir.

„Maður er ekkert klikkaður að taka þátt í svona hlaupum og að mínu mati er maður kannski bara fyrst og fremst heilbrigður,“ segir Gunnlaugur í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég hef alltaf sagt, þegar ég er spurður út í það hvort ég sé ekki eitthvað bilaður að taka þátt í svona hlaupum, að mér finnst mun meiri bilun að reykja. Þetta gekk rosalega vel um helgina og ég náði að klára hlaupið.“

### Byrjar á því að venjast aðstæðum

„Ég fer alltaf rosalega hægt af stað og byrja bara á því að finna út hvernig skrokkurinn er og hvernig mér líður. Yfirleitt er ég síðastur til að byrja með á meðan allir aðrir byrja hlaupið eins og þeir séu að keppa í 1500 metra hlaupi, það hentar mér illa. Ég labba bara rólega af stað og er fyrst og fremst að stilla mig af til að byrja með. Fyrsta daginn var frekar heitt hér í London og þar sem vorið á Íslandi hefur ekki verið neitt sérstakt þá tók mig töluverðan tíma að venjast aðstæðum. Ég var farinn að hafa töluverðar áhyggjur í upphafi mótsins. Þú þarft að drekka rosalega mikinn vökva og með því fylgja oft ákveðin magavandræði og



**MAGNAÐUR** Gunnlaugur hljóp yfir 400 kílómetra um helgina. Það sem kom hlauparanum í gegnum hlaupið var nægilega mikill matur og eins mikið af Guinness og hann gat í sig látið. FRÉTTABLAÐIÐ / DANIEL

menn eiga það til að kasta reglulega upp og fyrsti dagurinn var sá erfiðasti.“

### Endurhugsaði allt hlaupið

„Þegar ég var kominn á þriðja maraþonið þá var ég orðin verulega þreyttur og labbaði mikið þann legg. Ég átti von á því að fá góðan morgunmat þegar ég kæmi í mark eftir fyrstu þrjú maraþonin, en þá tóku starfsmenn hlaupsins á móti mér með bollasúpu. Þá fauk heldur betur í mig og ég spurði menn hvort hægt væri að lifa af fjögurra sólahringa hlaup á bollasúpu. Á þessum tímamarki var maginn á mér kominn í upprenn og ég var farinn að kasta

mikið upp. Ég endurhugsaði allt hlaupið og gaf skít í þann mat sem mótshaldarar buðu upp á og kom mér inn á næsta bar. Þar fékk ég mér almennilegan hamborgara og Guinness-bjór. Þetta bjargaði mótinu fyrir mér og eftir þetta byrjaði ég að borða það sem mér sýndist, hvort sem það voru steikur eða hamborgarar.“

### Guinness-bjórinn hjálpaði mikið til

„Ég drakk Guinness alveg eins og ég gat í mig látið. Maður þarf mikinn vökva í svona mótum og í raun og veru er bjórinn besti vökvinn til að innbyrða. Ég komst að þessu í hlaupinu sem er virkilega merkilegt. Ef ég hefði

drukkið jafn mikið af vatni eins og ég drakk af bjór í hlaupinu þá væri allt löngu komið í steik hjá mér. Maður getur innbyrt miklu meiri vökva í gegnum bjór en vatn. Þegar hitinn er svona mikill þá er vökvatapið ennþá meira og útgufunin gríðarleg. Vatnið safnast bara saman inn í líkamanum og maður fær bjúg en bjórinn rennur miklu þægilegra í gegn. Þegar ég áttaði mig á því að vera alltaf nægilega saddur og drakk síðan nóg af bjór þá fór mér að líða vel og rúllaði í gegnum hlaupið í tómrí ánægju.“

Gunnlaugur stefnir á fleiri mót af þessari tegund.

stefanp@frettabladid.is

**Startup Reykjavík**  
Arion banki  
Innovit  
Klak

Silverberg

Herberia

Activity Stream

Zalibuna

boran Distillery

## SPENNANDI HUGMYNDIR VERÐA AÐ VERULEIKA

Nú hafa tíu sprotafyrirtæki hafið þátttöku í **Startup Reykjavík verkefninu**. Arion banki og Klak-Innovit munu hjálpa þeim að vaxa og dafna.

Fylgstu með á [www.startupreykjavik.com](http://www.startupreykjavik.com) og á [Facebook.com/StartupReykjavik](https://www.facebook.com/StartupReykjavik).

Arion banki





*Sérstök brúðkaupsgjöf*

# KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.



Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!  
Gildir um **KitchenAid** hrærivélar.



## *Brúðarleikur*

*Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.*



Nýjar **KitchenAid** vörur

**KitchenAid**  
FOR THE WAY IT'S MADE



**Einar Farestveit & Co.hf.**  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



## Scholes hafnaði þjálfarastarfi hjá United

Paul Scholes, fyrrverandi leikmaður Manchester United, hefur hafnað þjálfarastarfi hjá félaginu en leikmaðurinn lagði skóna endanlega á hilluna eftir tímabilið.

David Moyes, knattspyrnustjóri Manchester United, hafði farið þess á leit við miðjumanninn snjalla að verða partur af þjálfarateymi liðsins. Ryan Giggs og Phil Neville verða báðir partur af þjálfarateymi Manchester United en þeir þrír léku saman hjá liðinu í mörg ár.

„Ég vildi endilega fá Paul Scholes inn í teymið og nýta þar með þá gríðarlegu reynslu sem þessir eldri leikmenn félagsins hafa fram að færa til þeirra ungu,“ sagði David Moyes.

„Scholes vildi taka sér gott frí frá knattspyrnu og vera meira með fjölskyldu sinni. Maður verður bara að virða þá ákvörðun. Staðan verður aftur á móti til staðar fyrir Scholes þegar hann er tilbúinn, hann má taka sér eins langt frí og hann vill.“ - sáþ



# Förum upp úr riðlinum

Þorlákur Árnason telur að mikil barátta sé aðalstyrkleiki íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Liðið hefur keppni á Evrópumótinu í Svíþjóð í vikunni. Endurnýja þarf landsliðið eftir mót. Þorlákur sér liðið fara í 8-liða úrslit.

**FÓTBOLTI** Þorlákur Árnason, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, er nokkuð bjartsýnn fyrir hönd íslenska landsliðsins í knattspyrnu sem hefur leik á Evrópumótinu í Svíþjóð á fimmtudaginn þegar liðið mætir því norska í fyrsta leik riðlakeppninnar.

„Mótið leggst vel í mig. Væntingar eru hóflegar og það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þá gengur okkur best,“ segir Þorlákur Árnason.

„Okkar möguleikar byggjast mikið á því hvernig fyrsti leikurinn gegn Norðmönnum fer. Ísland er með betri leikmenn en Noregur, það er alveg ljóst.“

Ísland er með Noregi, Hollandi og Þýskalandi í riðli en tvö efstu liðin fara örugg áfram.

### Fjögur stig fara með okkur áfram

„Þá nægir okkur eitt stig gegn Hollendingum til að komast áfram. Þó það vanti einhverja leikmenn í þýska liðið og þær hafi leikmenn sem eru að koma eftir meiðsli þá held ég að við getum ekki gert ráð fyrir stigi eða stigum gegn þeim.“

### Baráttan okkar styrkleiki

„Styrkleiki liðsins er hryggur liðsins frá markmanni að fremsta manni. Við eigum frábæra markmenn og svo eru Sif [Atladóttir] og Katrín [Jónsdóttir] mjög gott miðvarðapar, Sara [Björk Gunnarsdóttir] og Margrét Lára



**8-LIÐA ÚRSLIT** Þorlákur er bjartsýnn fyrir Evrópumótið í knattspyrnu sem hefst á fimmtudaginn. Liðið þarf að fara í endurnýjun eftir mót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

[Viðarsdóttir] eru síðan einir af bestu leikmönnum sænsku úrvalsdeildarinnar. Styrkur liðsins í gegnum tíðina hefur verið barátta, uppsett atriði og hraðar sóknir.“

### Stutt í endurnýjun

„Sigurður Ragnar [Eyjólfsson, landsliðsþjálfari] er búinn að þjálfandi liðið lengi og er frekar íhaldssamur. Menn hafa gagnrýnt það svoltið að breytingar hafa verið litlar undanfarin ár en það hefur gengið vel og þjálfaranum því ekki fundist ástæða fyrir breytingar. Um leið og gengið versnar þá koma sérfræðingarnir fram með lausnir. Ég á ekki von á öðru en að Siggí

sjái að það þurfi smá uppstokkun á liðinu eftir EM. Það hlýtur að hafa verið erfið ákvörðun fyrir Siggá að skilja Eddu [Garðarsdóttir] eftir heima. Endurnýjun á liðinu hefur verið lítil undanfarin ár og þess vegna held ég að þetta hafi komið mörgum í opna skjöldu. Edda er auðvitað tákngervingur liðsins, mikill leiðtogi og baráttuþjafi sem gerir aðra leikmenn betri í kringum sig. Að mínu mati þá hefði ég undirbúið þessa breytingu fyrr.“

### 8-liða úrslitin

„Ég held að liðið komist í 8-liða úrslit en stoppi þar. Það yrði flottur árangur.“

stefanp@frettabladid.is

Sverrir Kristinnsson, löggiltur fasteignasali

## EIGNAMIDLUN

Frá 1957

Sala fasteigna í **55** ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Vogatunga 10 – Raðhús**

**OPID HÚS**  
mánudag

Tvilyft vandað 231 fm raðhús á mjög góðum útsýnisstað. Á efri hæðinni er forstofa, snyrting, þvottahús, hol, stofa, eldhús og svefngangur. Innaf svefnganginum er baðherb. og fjögur herbergi í kj. er rúmgóð 2ja herb. íbúð. **V. 47,0 millj.**

Eignin verður sýnd mánudaginn 8. júlí milli kl. 17:30 og kl. 18:00

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

## SJÓNVARP SEM ER BÆÐI GÁFAÐ OG FALLEGT

Nýja Philips DesignLine SmartTV tækið er óhefðbundið sjónvarp. Bakvið glerið er einstök Ambilight tæknin, sem ásamt LED ljósum skapar takmarkalausa upplifun. Og að sjálfsöggðu er mögulegt að tengjast þráðlaust og deila efni með öðrum gáfuðum tækjum á heimilinu!

**PHILIPS AMBILIGHT TV - BEYOND THE ORDINARY**

**PHILIPS**

**Heimilistæki** ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSS S: 480 3700 • GÁRDARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÓÐUM S: 414 1735 • SUBURLANDSBRÁUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



## Sá fyrsti í 77 ár

Andy Murray bar sigur úr býtum á Wimbledon-mótinu í tennis eftir magnaða frammistöðu gegn Novak Djokovic.

**TENNIS** Skoski tennisleikmaðurinn Andy Murray varð í gær fyrsti Bretinn í 77 ár til þess að vinna Wimbledon-mótið í tennis í einliðaleik karla.

Murray atti kappi við Serbann Novak Djokovic í úrslitum en Djokovic er einmitt í efsta sæti heimslístans en Murray er í öðru sæti listans.

Murray sýndi frábæra spíla-mennsku í úrslitaleiknum og virtist frá upphafi staðráðinn í að landa titlinum. Hann vann öll settin, 6-4, 7-5 og 6-4, og var því vel að sigrinum kominn.

Þetta er í fyrsta sinn sem Murray vinnur Wimbledon-mótið en hann hefur verið á mikilli uppleið á undanförnum árum og vann meðal annars Ólympíugull síðasta sumar.

„Þetta var ótrúlega erfiður leikur og ég veit ekki hvernig ég komst í gegnum þetta,“ sagði Murray í viðtali eftir sigurinn.

„Novak [Djokovic] er ótrúlegur leikmaður og kemur alltaf til baka. Ég rétt náði að kreista fram sigur undir lokin. Ef það hefði

ekki tekist hefði þetta getað endað illa.“

Murray tapaði fyrir Roger Federer í úrslitum mótsins á síðasta ári og var niðurbrotinn eftir þau úrslit.

„Það vildu allir fá að sjá breskan sigurvegara hér á landi og ég vona að allir nái að njóta augnabliksins núna. Þetta er í það minnsta ótrúlegasta augnablik á mínum ferli. Mér leið ótrúlega illa eftir úrslitaleikinn fyrir einu ári síðan og þetta er töluverður munur. Ég man ekkert hvað gerðist undir lokin, ég var svo einbeittur og var í mínum eigin heimi,“ sagði Andy Murray, sigurvegari í einliðaleik karla á Wimbledon-mótinu árið 2013.

Andy Murray var fyrir mótið í öðru sæti heimslístans en spurningin er hvort Skotinn fari loksins á toppinn eftir sigurinn í gær.

Þetta var í 27. skipti sem kappinn fer með sigur af hólmi á móti en í annað skipti sem hann vinnur mót af þessari stærðargráðu. Murray vann Opna ameríska meistaramótið á síðasta ári.

stefanp@frettabladid.is





## Frábær æfingafatnaður

Stanno Forza peysa

116 - 164 kr. 5.990.-

Small - XL Kr. 6.990.-

## Skóútsalan í fullum gangi

Takkaskór - gervigrasskór - handboltaskór - körfuboltaskór

3 verð

5.000.- 7.000.- 10.000.-



## Nýjar vörur - nú styttist í að Evrópudeildirnar byrji á ný



Arsenal



Barcelona home og away



Liverpool



Man Utd



Paris SG



Real Madrid



Juventus



Chelsea



[www.stanno.com](http://www.stanno.com)

Stanno Forza buxur og 3/4 buxur

116 - 164 kr. 4.990.-

Small - XL Kr. 5.990.-



# Jói útherji

[www.joiutherji.is](http://www.joiutherji.is)

Ármúla 36 - 108 Reykjavík - s. 588-1560 - [joiutherji@joiutherji.is](mailto:joiutherji@joiutherji.is)











# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILJÓSAÚRVAL

VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995

LJÓS ÁN RÖRS



4.595



4.595



6.995



4.995



4.995



6.995



5.995



6.995



5.995



5.995



6.995



4.995

LED LJÓS



4.595



5.995



7.995



4.595



3.995



6.995



4.995



4.995



6.995

GALVANISERAÐ



7.995



12.995



5.995



7.995



6.995



6.995

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16



MÁNUDAGSLAGIÐ



„Mánudagslagið mitt er Radio-active með hljómsveitinni Imagine Dragons. Mjög fín hljómsveit og mátulega hresst lag fyrir mánudag.“

Harpa Þorsteinsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu.

Taka á móti færeyskri þungarokkssveit

Meðlimir þungarokkssveitarinnar Angist koma fram á tónleikum með færeyskum kollegum sínum.

„Þetta er samvinnuverkefni milli íslenskra og færeyskra þungarokkssveita sem Skálmöld startaði árið 2011. Við höldum tvenna tónleika í Reykjavík og svo er ferðinni heitið á Eistnaflug,“ segir Gyða Hrund Þorvaldsdóttir gítarleikari. Hljómsveit hennar, Angist, hyggur á tónleikaferðalag um Ísland og Færeyjar ásamt færeysku þungarokkssveitinni Earth Divide. Ferðalagið hefst á mánudag og lýkur með tónleikum á G! Festival. „Tumi Snær, trommarinn okkar, keppti einu sinni í sundi í Færeyjum á sínum yngri árum og systkinin í bandinu, Edda og Haraldur, hafa komið í höfnina. Ég er sú eina í hljóms-

sveitinni sem hefur ekki komið til Færeyja og ég hlakka ótrúlega mikið til. Það er víst rífasti stemning á G! Festival,“ segir hún. Hljómsveitirnar tvær sjá um allt skipulag sjálfar, en verkefnið er að hluta til styrkt af Kraumi og Tónlistarsjóði. „Við verðum saman 24/7 næstu tvær vikurnar. Þeir gista hjá okkur og við hjá þeim,“ segir hún og bætir við: „Við höfum ekki hitt strákana í Earth Divide, en þeir eru mjög skemmtilegir á internetinu.“ Tónleikar hljómsveitanna fara fram í TÞM annað kvöld, á Gauknum á miðviku-dag og á tónlistarhátíðinni Eistnaflugi um helgina.



Á FLAKK Hljómsveitin Angist hyggur á tónleikaferðalag um Ísland og Færeyjar ásamt færeysku sveitinni Earth Divide. Gyða er fyrir miðju, til hægri.



SLEPPTU ÞVÍ ÚT Á INTERNETIÐ Pétur Jónsson hjá Medialux samdi lagið „Betri en þú“ fyrir þau Bógó og Lóló. Lagið er hluti af auglýsingaherferð karla- og kvennalandsliðanna í handknattleik.

Lagið samið fyrir lambakjötsframleiðendur

Lagið „Betri en þú“ í flutningi Sigríðar Thorlacius og Sigtryggs Baldurssonar fær mikla spilun í útvarpinu. Lagið var samið fyrir lambakjötsframleiðendur.

„Okkur fannst lagið bara eiga það skilið að eiga líf fyrir utan auglýsingaherferðina svo við slepptum því út á þetta internet sem allir eru að tala um,“ segir upptökustjórinn Pétur Jónsson, öllu þekktari sem Pedro hjá Medialux. Lagið „Betri en þú“ í flutningi Sigríðar Thorlacius og Sigtryggs Baldurssonar hefur nú hljómað á öldum ljósvakans síðustu daga, en lagið var samið sem auglýsingalag fyrir lambakjötsframleiðendur. „Okkur var falið það verkefni að finna lag sem fjallaði um skemmtilegan kynjaríg. Ég fór því að leita að einhverju lagi sem væri þegar til en það var hvergi að finna. Við sömdum því bara nýtt lag,“ segir Pétur, en hann fékk Sigtrygg til að skrifa textann með sér. Lagið verður notað í auglýsingaherferð er snýr að karla- og kvennalandsliðunum í handbolta. Það eru í raun ekki Sigtryggur og Sigríður sem flytja lagið, heldur persónurnar Bógó og Lóló. „Þetta eru þessar

→ Í textanum segir meðal annars: „Hver er, flottust inn á feisbúkk, topp næs, fimmtán-hundruð læk það er verst, þú misskilur málið, statusarnir eru að verða að svakalegum kæk.“

tvær týpur sem eru persónurnar í lagiinu. Bógó er væntanlega einhvers konar stytting á Bógomíl Font en Lóló hefur ekki verið til áður. Þau eiga augljóslega í einhvers konar erju-, ástar- og vináttusambandi,“ segir Sigríður, en í textanum skjóta þau Bógó og Lóló föstum skotum hvort að öðru. Spurð að því hvort Bógó og Lóló eigi eftir að syngja meira saman í framtíðinni segir Sigríður það alveg óráðið. „Ég veit það ekki. Það getur vel verið. Lóló er allavega alveg að stökka ný fram á sjónarsviðið,“ segir Sigríður í léttum dúr.

Olga syngur klassísk þjóðlög um allt land

Tónleikaferðalag sönghópsins Olgu, sem er skipaður fimm söngnumum, hefst í ágúst en hópurinn býður öllum Olgum landsins frítt á tónleikana

„Ferðalagið byrjar í Flatey en við erum fimm strákar sem erum að fara að ferðast í kringum landið í viku og halda tónleika til að koma okkur á framfæri en við munum enda tónleikaferðalagið á Gay Pride. Söngkennarinn okkar er samkynhneigður og þetta er okkar leið til að sýna stuðning í verki,“ segir Pétur Oddbergur Heimisson.

Hugmyndin að tónleikaferðalaginu kom upp á yfirborðið fyrir einu ári en tveir meðlimir hópsins koma frá Rússlandi og Hollandi og höfðu áhuga á að ferðast til Íslands og kynna landi og þjóð. Því var ákveðið að halda tónleika víðs vegar um landið en Pétur Oddbergur segir hópinn hafa fengið stuðning frá Höldi/Bíla-leigu Akureyrar, N1 og Actavis við að koma þessu ævintýri á laggirnar. Sönghópurinn Olgu skipa fimm karlmenn sem allir eru búsettir í Utrecht í Hollandi og stunda klassískt söngnám hjá Jóni Þorsteinsyni söngkennara. Það eru þeir Bjarni Guðmundsson, Haraldur Eyjólfsson, Gulian van Nierop, Pétur Oddbergur Heimisson og Philip Barkhudarov sem syngja munu íslensk og rússnesk þjóðlög ásamt „barbershop“ fyrir landsmenn. Í kjölfar tónleikaferðalagsins hefur sönghópurinn Olga ákveðið að heiðra nafnið Olga og hyggjast senda persónuleg boðskort til allra stúlkna og kvenna á landinu sem bera nafnið Olga og bjóða þeim frítt á tónleikana.



SÖNGHÓPURINN OLGA Þeir syngja klassísk þjóðlög á tónleikaferðalaginu.



VINIR Strákarnir eru allir að læra klassískan söng í Hollandi.

# LOKAVIKAN

# SUMARÚTSALA

REYKJAVÍK | AKUREYRI

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA

ALLT AÐ

## 50%

AFSLÁTTUR

HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10-18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100



# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



Lúr býður mikið úrval af Amerískum dýnum frá Serta og dönskum gæðarúmum frá Passion.



#### Diva tungusófi

Nettur og þægilegur tungusófi. DIVA er bólstraður í stungnu leðri allan hringinn.



#### Ezzy

Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða fyrir auka stuðning. Þrír litir í boði.



#### Espace

Léttur og smekklegur þriggja sæta sófi með krömuðum fótum.



#### Yuni

Fallegur og rúnaður horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda. Fáanlegur alklæddur leðri eða með áklæði í tauí. Margar stærðir og litir í boði.



#### Binaria stóll

Vandaður stóll sem hentar sérstaklega vel fólki sem starfar í sitjandi stöðu en þarf hreyfanleika.



#### Demetra svefnsófi

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.



#### Tripode lampi

Stórglæsilegur hönnunarlampi frá Santa & Cole á Spáni.



#### Toronto Innskotsborð

Falleg innskotsborð frá Ítalíu. Hægt að nýta sem hliðarborð eða renna fótum undir sófann og nota borðplötuna yfir sessu eða armi.

## Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | [lur@lur.is](mailto:lur@lur.is) | [www.lur.is](http://www.lur.is)

# LÚR

BETRI HVÍLD





Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Að springa úr hamingju

Jóhannes Kjartansson ljósmyndari, betur þekktur sem Jói Kjartans, og **Hildur Hermannsdóttir**, grafískur hönnuður, eignuðust dóttur á Ullevål-sjúkrahúsinu í Osló fjórða júlí síðastliðinn. Þetta er fyrsta barn þeirra Jóa og Hildar. Á Facebook-síðu Jóa tilkynnir hann fæðingu frumburðarins. „Við erum að springa úr hamingju, öllum heilsast vel og lífið er yndislegt. Kær kveðja frá okkur litlu fjölskyldunni í Osló.“

- ósk



### Skellti sér á Slippbarinn

Leikarinn **Ryan Gosling** er eins og margir vita staddur hér á landi að klippa kvikmynd sína How To Catch A Monster með Valdísi Óskarsdóttur. Lítið hefur farið fyrir leikaranum en til hans sást fyrir utan Mjölni á Seljavegi á fimmtudaginn en skrifstofa Valdísar stendur einnig við Seljaveg. Á föstudagskvöldið var Gosling mættur í drykki á Slippbarnum en þar var hann ásamt syni

Valdísar, Davíð Erni Óskarssyni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins býr Gosling á Hótel Marina og hefur Davíð Örn verið duglegur að sýna leikaranum helstu staði bæjarins.

- ka



### Mest lesið **vísir**

- 1 Tækniframfarir í flugvélahönnun urðu mörgum til lífs
- 2 Rauðhærðasti Íslendingurinn í skjýjunum: „Mér finnst þetta æðislegt“
- 3 Kanínur skotnar á færi á Selfossi
- 4 Skrýtið að fótboltabullur gegni pólitísku hlutverki
- 5 Go-kart bíl ekið á stúlku

### EINSTAKT UPPFLETTIRIT

Yfir 350 fisktegundum gerð skil



www.forlagid.is

# LAGERSALA REKKJUNNAR

## BAKA TIL Í ÁRMÚLA 44, REYKJAVÍK

Opið í dag, mánudag, og á morgun, þriðjudag, frá kl. 11:00 til 18:00

# 40-70% AFSLATTUR

RÚM - DÝNUR - PÍFULÖK - LÖK - HEILSUKODDAR - RÚMGAFLAR  
 ÚTLITSGALLAÐ - SÝNINGARRÚM - ELDRI GERÐIR

**VERDDÆMI**  
**SPRINGMAX**  
 Heilsukoddi  
 FULLT VERÐ 12.900 kr.  
 NÚ AÐEINS  
**5.000 kr.**

**VERDDÆMI**  
**STOCKHOLM**  
 Queen Size rúm (153x203 cm)  
 FULLT VERÐ 163.600 kr.  
**81.800 kr.**  
 = 50% ASLÁTTUR



# rekkjan